Tölt er samhverf, fjórtakta gangtegund með átta hreyfistig og eftirfarandi fótaröðun: vinstri afturfótur – vinstri framfótur – hægri afturfótur – hægri framfótur. Hrynjandi töltsins skal vera reglulegur og jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta, á hvaða hraða sem riðið er (það er að afturfótur lendi 1/4 af heildarskref tíma á undan hliðstæðum framfæti). Tölt er sviflaus gangtegund en þó er um hálfsvif að ræða bæði að framan og aftan og er því um hlaupandi gangtegund að ræða. Ýmist er um einstuðning eða tvístuðning fóta að ræða í heilu skrefi. Tölt er riðið allt frá hægri ferð upp í greiða ferð.

#### **Æskileg líkamsbeiting á tölti**

Einkennandi fyrir gott tölt er mýkt og gegnumflæði í hreyfingum. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak og virkan afturhluta. Hreyfingar framhluta eru léttar og frjálssar. Taktur hestsins er hreinn fjórtaktur sem flæðir í gegnum hestinn í jöfnum hrynjanda.

#### **Gallað tölt**

##### **A. Skeiðborið tölt**

Á tölti er óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu hliðstæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í töltinu og talað um skeiðborið tölt eða bundið tölt en þá er töltið of nærri skeiði. Þá er of mikil hliðstæð tenging fóta en þá er styttra er á milli niðurkomu hliðstæðra fóta en sem nemur 1/4% af heildarskreftíma.

### **B. Brokktölt**

Á tölti er einnig óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu skástæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í töltinu og talað um að töltið hafi brokkívaf en þá er það of nærri brokki. Þá er of mikil skástæð tenging fóta en þá verður tíminn á milli niðurkomu hliðstæðra fóta lengri en sem nemur 1/4 af heildarskreftíma.

### **C. Stirt tölt**

Taktur töltsins er hreinn fjórtaktur en mýkt og bolhreyfingar vantar í skrokk hestsins og gegnumflæði hreyfinga er heft.

### **D. Upp á fótinn**

Tölt er gallað ef það er upp á fótinn sem kallað er. Þá er töltið meira eða minna stökkblandað, hreyfingar vinstri og hægri hliðar hestsins eru ekki samhverfar og ekki um jafnt tímabil á milli niðurkomu allra fjögurra fóta að ræða.

### **E. Tripedal support**

At a very slow tölt, the half-suspension may disappear at the hind; then the horse supports itself on one front leg and both hind legs simultaneously (tripedal support). In this case the tölt is ridden more slowly than competition and breeding judgment requirements say and the gait is considered an interphase between walk and tölt.

### **Tölt can be performed as follows:**

#### **A. Tölt**

The rider should have the riding skills necessary to allow the horse to show a clear beat and energetic tölt. The horse moves forward in an open form with a relaxed the topline and neck. A slack of the rein/loose rein is recognized as long as the rhythm of the tölt is maintained.

#### **B. Slow tölt**

The horse moves forward in a slow speed in an even four-beat rhythm, which runs fluently through the horse. The impression should be that the horse could easily tölt a 10 meter circle at that speed. The neck should be arched and the back active and rounded, the whole topline being without tension. The hindquarters are well engaged and the movements of the forequarters are light and free. The horse should move in balance, with a strong and active back.

#### **C. Medium tölt**

This is a pace between the slow and the extended tölt. Without hurrying, the horse goes forward with clearly lengthened strides and impulsion from the hindquarters. The rider allows

the horse to carry the head and neck more extended, with strong and active back and suppleness. The strides should be balanced and unconstrained.

#### **D. Speed changes**

Slow tölt is required on the short sides and on the curves, and medium tölt with a clear lengthening of strides is required on the long sides. The emphasis is on the smoothness of the transitions and sufficient distinction in speed due to the lengthening of the strides. Inharmonious extremes like “kick-starts” and “sliding stops” are not desirable.

#### **E. Collected tölt**

The horse, remaining “on the bit”, moves forward with the neck raised and arched. The hind legs being well-engaged, maintain an energetic impulsion, enabling the shoulders to move with greater mobility thus demonstrating self-carriage and an uphill tendency. The horse’s strides are shorter than in the other speed categories, without losing elasticity and cadence.

#### **F. Extended tölt**

The horse covers as much ground as possible while moving faster than in medium tölt. Without hurrying, the strides are lengthened to the utmost. The horse remains calm, light and straight as a result of great impulsion from the hindquarters. The rider allows the horse to lengthen the frame with a controlled poll and to gain ground.

#### **G. Fast tölt**

The horse should go in an even four-beat rhythm, which runs fluently through the horse. The horse should lengthen its strides and the head and neck becomes more extended than at slow tölt, the whole topline still being strong and without tension. The horse should move with a strong active back, engaged hindquarters and suppleness. The stance phase of front and hind legs becomes more even than at a slow tölt and diagonal bipedal support decreases.

#### **H. Slow to medium tempo without rein contact**

This section should show the natural movement without any rein contact from the rider. The horse should be in balance and have natural carriage.

The tempi are described in slow and medium tölt. However the neck and head of the horse can be more extended than when ridden with active rein contact, provided that the horse still moves in balance, with strong and active back, engaged hind quarters, with suppleness and fluid movements.

### **A3.2.5 Skeið**

#### **Lýsing**

Skeið er samhverf, tvítakta yfirferðargangtegund með svifi, þar sem hliðstæðir fætur hreyfast nánast saman fram og aftur. Fótaröðun á skeiði er: vinstri afturfótur:vinstri framfótur – svif - hægri afturfótur:hægri framfótur – svif og er það annar framfóturinn sem spyrnir hestinum upp í svif áður en skástæður afturfótur lendir. Á mikilli ferð getur samtenging hliðstæðra fóta rofnað og afturfótur lent aðeins á undan hliðstæðum framfæti. Áfram er talað um tvítakt þar sem frávikið frá samstiga hreyfingum hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt.

**Æskileg líkamsbeiting á skeiði**

Skeið er kraftmikill yfirferðargangur þar sem hesturinn stækkar skrefin og eykur teygju líkamans. Á skeiði stinnir hesturinn bakið, lengir yfirlínuna, teygir hálsinn fram og opnar kverk. Í sviffasa skeiðsins teygjast hliðstæðir fram- og afturfætur langt fram og hliðstæðir fætur gagnstæðrar hliðar teygjast langt aftur. Þetta er lýsing á réttu skeiðsniði en skeiðið greinist takthreint ef svif er greinilegt og frávik frá samhliða niðurkomu hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt.

**Gallað skeið****A. Fjórtahta skeið**

Svokallað fjórtahta skeið er óæskilegt. En talað er um að skeiðið sé fjórtahta þegar of mikið og greinilegt frávik verður á niðurkomu hliðstæðra fóta, þ.e. of mikið millibil verður á milli þess sem afturfótur lendir á jörðinni þangað til hliðstæður framfótur lendir. Eftir því sem fjórtaktur eykst á skeiði þeim mun minna verður svif hestsins. Ástæðan fyrir þessum galla getur verið að hesturinn sé of reistur, nái þar af leiðandi ekki að stinna bakið, lengja yfirlínu og teygja hálsinn fram.

**B. Stirt skeið**

Einnig er talið óæskilegt ef skeiðið er kastgengt og stirt. Þá er of mikil hliðstæða í hreyfingunni, hesturinn verður kastgengur og skilar sér ekki nægjanlega hratt áfram. Þegar tvítakturinn er of mikill vantar flot í skeiðið og hesturinn nálgast það að stytta sig, þ.e. kemst á mörk jafnvægis síns á skeiði. Eftir því sem þyngdarpunktur hestsins færast framar, því meiri verður tvítakturinn í skeiðinu. Ef jafnvægispunktur hestsins færist of langt fram lendir framfótur á undan afturfæti og hesturinn skiptir yfir í kýrstökk. Þessi gangskipting nefnist styttingur.

**C. Flandur**

Það er kallað flandur á skeiði þegar hesturinn missir jafnvægið á skeiðinu einu sinni eða endurtekið, leitar í stökk og skeiðið verður ójafnt. Reising hestsins er of há, of mikill fjórtaktur er til staðar og hesturinn tekur stökkspor inn á milli.

### **A3.3 Certification of origin Upprunavottun**

Sjá G3.3 í reglum FEIF.

### **A3.4 Official and international Database: WorldFengur FEIF/BÍ**

Sjá G3.4 í reglum FEIF

### **A3.5 Registration and identification of the horse**

Sjá G3.5 í reglum FEIF

### **A3.6 The FEIF WorldFengur registration group**

Sjá G3.6 í reglum FEIF

## A4 Framkvæmd lyfjaprófa<sup>2</sup>

Markmið reglna um lyfjapróf er að leitast við að standa vörð um innri gildi mats á niðurstöðum íþróttamanna, mannfólki og hestum. Þessi innri gildi eru oft nefnd „andi íþróttanna“. Í grunninn snýst þetta um hinn sanna Olympíuanda; hvernig við keppum af heiðarleika. Andi íþróttanna er að vegsama mannsandann, líkama og huga sem einkennist í eftirfarandi gildum, gæði í sýningum og keppni.

- Siðareglur, sanngjörn keppni og heiðarleiki
- Heilbrigði
- Frammúrskarandi frammistaða
- Karakter og menntun
- Gleði og ánægja
- Samvinna
- Ástundun og skuldbinding
- Virðing fyrir lögum og reglum
- Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum þátttakendum
- Hugrekki
- Samfélag og samstaða

Lyfjamisnotkun er í grundvallaratriðum í andstöðu við íþróttandann.

### A4.1 Heimildir

Heimild til að framkvæma lyfjapróf á mótum og viðburðum á Íslenska hestinum er hjá FEIF eða utanaðkomandi samtökum sem ábyrg eru fyrir framkvæmd lyfjaprófs á mótum og viðburðum. Einstök aðildarsamtök FEIF hafa ekki heimild til að framkvæma lyfjapróf samkvæmt þessum reglum.

FEIF skal framkvæma lyfjapróf á heimsmeistaramótum.

Ákveði aðildarsamtök að framkvæma skuli lyfjapróf á móti sem það heldur, þá skulu aðildarsamtökin láta FEIF vita og FEIF skal framkvæma lyfjapróf að þeirra beiðni. Stjórn FEIF skal ákveða hvaða gjald skuli greiða fyrir þessa þjónustu, sem skal taka mið af hvar mót er haldið og fjölda hrossa. Undirbúningsvinna fyrir framkvæmd prófs skal eiga sér stað 90 dögum fyrir mót eða sýningu.

Hafi lyfjapróf á móti eða sýningu verið framkvæmt af utanaðkomandi samtökum, skal láta FEIF vita um niðurstöðu prófsins innan viku frá því að niðurstaða liggur fyrir. Einnig skal tilkynna FEIF innan einnar viku hafi brot á reglum leitt til þess að hin utanaðkomandi samtök hafi

<sup>2</sup> Reglur um lyfjamisnotkun eru byggðar á FEI

ákvarðað að dæma skuli aðila út leik eða lagt á hann önnur viðurlög. Vanræki aðildarsamtök að tilkynna FEIF um lyfjapróf sem framkvæmt er af utanaðkomandi samtökum eða brot á reglum, skal FEIF sekta viðkomandi aðildarsamtök um 1000€.

## A4.2 Lyfjaeftirlit í hestaíþróttum

Allar reglur FEI um eftirlit með lyfjamisnotkun í hrossum og [controlled medication regulation] sem eru í gildi við upphaf keppni eða sýningar skulu teljast vera hluti af þessum reglum, með eftirfarandi breytingum:

|                                                                                                                                                                                      |                                           |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------|
| Tilvísun til FEI í reglum um lyfjamisnotkun FEI EADCMRs Reference                                                                                                                    | Skipt út fyrir Replaced by                |
| Tilvísun til "FEI" í öllum tilvikum, nema af því er varðar viðhald reglna og verkferlum "FEI" all contexts other than the maintenance of the rules, procedures, and referenced lists | FEIF                                      |
| Dómstóll FEI FEI Tribunal                                                                                                                                                            | Aganefnd FEIF FEIF Disciplinary Board     |
| FEI CAS (Court of Arbitration for Sport)                                                                                                                                             | Gerðardómur FEIF FEIF Arbitration Council |

FEI skal áfram vera ábyrgt fyrir að viðhalda reglum og verkferlum.

## A4.3 Dæmt úr leik og viðurlög

Í þeim tilvikum þegar aðildarfélag tilkynnir brot sem ákvarðað hefur verið af utanaðkomandi samtökum, skal aðeins framfylgja ákvörðunum um að dæma viðkomandi úr leik eða beita viðurlögum á alþjóðlegum vettvangi, ef brotið varðar notkun á efni sem er á lista FEI yfir ólögleg efni í hestaíþróttum (e. FEI Equine Prohibited Substances List).

## A5 Events

### A5.1 FEIF events – general explanation

FEIF Events are events that are approved by the Board of FEIF, organized in accordance with the current Rules of FEIF, open for a wide international audience, and meeting high standards in terms of quality, organization and horse welfare. FEIF Events give participants a high quality experience. The FEIF logo must be prominently displayed at a FEIF Event, and in all promotional information used for the event.

Absolutely required

- FEIF logo with reference to the FEIF web site in all communication
- Following FEIF rules whenever applicable
- (Also) Information in English, both before and at the event
- Explicit information for foreign audience, with recognisable information about identifiable riders and their performance

Where appropriate:

- Entrance check on all horses involved in accordance to our veterinary Rules
- Fit-to-compete check
- Exit checks on horses leaving the track
- Doping checks on 10% of the horses, in accordance with FEIF Rules
- All officials should adhere the Code of Ethics

An “international” competition being one in which extra-national titles are awarded on in which national teams competed against one another. Examples of such events include the World Championships, the Nordic Championships, and the Mid-European Championships.

### A5.2 World Championships

The goal of the World Championships is to organize a large-scale event, which gives people an opportunity to enjoy the Icelandic horse culture and lifestyle. This means to organize World Championships where horse welfare comes first, and we connect Icelandic horse culture, lifestyle, enjoyment and passion with the local atmosphere. An event that promotes and improves the recognition of the pure-bred Icelandic horse. All actions concerning World Championships need to be in line not only with the letter of the Rules, but also with the spirit of this goal.

The World Championships for Icelandic horses are organized every second year in the name of FEIF, preferably in the beginning of August. World Championships include sport competitions and a breeding show, run according to the applicable sport and breeding Rules.

## **A5.3 Other Icelandic horse events**

### **A5.3.1 Mid European Championships**

Countries eligible to participate in the Mid-European Championships are Austria, Belgium, Germany, Great Britain, France, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Slovenia and Switzerland. The event is organized every second year under the responsibility of the Mid-European committee and the organizer, being selected by the committee upon application by the countries willing to organize it and under approval of the countries eligible to participate. Every country may send a certain number of participants. The intention of the event is to offer high class sports event for individual riders and national teams following FEIF's Rules and Regulations. The eligible countries decide every two years about the tests and the age classes.

### **A5.3.2 Nordic Championships**

Countries eligible to participate in the Nordic Championships are the Nordic countries Iceland, Finland, Sweden, Norway, Denmark, and Faroe Islands. The event is organized every second year under the responsibility of the responsible country. The right to apply as organizer for the Nordic Championships is defined (Finland – Sweden – Denmark – Norway). The Nordic Championships follow FEIF's Rules and Regulations and offer a high-class sport event for individual riders. The tests are the same as at the World Championships and are judged for senior and junior classes.

### **A5.3.3 WorldRanking event**

The FEIF WorldRanking is a system to compare results of riders of pure-bred Icelandic horses at selected sport events all over the world with each other.

FEIF started the WorldRanking in 1995. It is a continuous system: every day a new ranking list is computed. The riders' position in the ranking lists may vary per day. Riders can check what events do count for the FEIF WorldRanking and what marks they did get at any WorldRanking event.

Any FEIF member association may organise WorldRanking events. FEIF grants WorldRanking status to events following an application available from and described on the FEIF website. WorldRanking events are conducted following FEIF's Rules and Regulations including the provisions of the World Ranking Addendum (Sport Rules and Regulations).

Additional national or local tests may be offered at WorldRanking events. These tests are not defined in FEIF's Sport Rules but should be conducted following the General Rules.

### **A5.3.4 FEIF breeding show**

In breeding shows, horses should first be judged for conformation, (after they have been measured) and after that for riding abilities. When all horses in the show have been judged there is a second ridden assessment in which all horses judged for riding abilities may

participate. In breeding shows that last a whole week or longer it is allowed to arrange the second ridden assessment over more than one day

## **A6 World Championships - Approved Information**

Sjá G6 í reglum FEIF

## A7 Löglegir hestar

### A7.1 Útlit hestsins

Íslenski hesturinn er einstakt kyn með sérstaka kosti sem tengjast hinu upprunalega eðli hans. Honum skal ávallt sýnd viðeigandi virðing. Eftirfarandi reglur gilda ávallt: Náttúrulegu útliti hestsins má ekki breyta (t.d. eðlilegum lit og vexti hárs). Undantekning: tagl og fax má snyrta sé það of langt og hrossið má raka af heilsufars- og velferðarástæðum. Hár á snoppu, hófskegg og innan í eyrum skal ekki klippa. Knapinn skal taka tillit til sérstaks uppruna og þarfa íslenska hestsins og halda hann við eins náttúrulegar aðstæður og unnt er. Í því felst að sjá til þess að hesturinn hafi næga birtu, ferskt loft og rými til frjálsrar hreyfingar.

### A7.2 Meðhöndlun og þjálfun hestsins

Breytingar á náttúrulegu útliti hestsins með gerviefnum eða sálfræðiaðferðum eru ekki leyfðar.

Við þjálfun hestsins skal ekki nota vélar, tæki eða tól til að hafa áhrif á hreyfingar eða útlit hans. Undantekningar: notkun tækja og tóla sem eru almennt viðurkennd sem venjuleg séu þau notuð á viðurkenndan hátt. Notkun yfirdrífna þynginga og teygjubanda á fætur er bönnuð.

Brot á ofangreindum reglum varða við agareglur. Leiki vafi á broti eða komi til ósamkomulags er dómur gerðardóms FEIF endanlegur (Skýring keppnisnefndar: Þ.e. uni menn ekki niðurstöðu íslenskra dómstóla er unnt að áfrýja).

### A7.3 Aldur hrossa

Við mat á aldri hrossa skal miðað við almanaksárið.

#### A7.3.1 Keppnisréttur

Hreinræktaðir íslenskir hestar, fimm vetra og eldri eru löglegir í keppni. Sönnunar er krafist í formi upprunavottorðs eða samsvarandi vottorðs frá viðkomandi landi. Miðað er við 1. janúar fæðingarárs við mat aldurs.

Á heimsmeistaramótum skulu hestar vera minnst 6 vetra gamlir.

- Fimm vetra gamall hestur má einungis hefja keppni tvisvar sama daginn en má ekki taka þátt í kappreiðum eða víðavangshlaupi (Gæðingaskeið og 100 m skeið teljast ekki kappreiðar).
- Sex vetra hestur má hefja keppni þrisvar á einum degi.
- Sjö vetra og eldri hestur má hefja keppni fjórum sinnum á dag.
- Forkeppni og úrslit teljast vera „hafin keppni“.
- Í gæðingaskeiði, 100m skeiði og kappreiðum (250m og 150m) teljast 2 sprettir vera ein hafin keppni.

- f. horses are allowed to compete more than once in the same test if it is in a different age class.

Mótshaldarar skulu sannreyna með aflestri örmerkis að skráður hestur sé mættur til keppni.

Það er á valdi mótshaldara að athuga aldur hrossa Hafi knapi hunsað regluna og lokið keppni í viðbótargrein, skal dæma knapann úr keppni í þeirri grein.

## A7.4 Lyfjamisnotkun

### IS 2.6 Lyfjanotkun

Núgildandi heilbrigðisreglur FEI um eftirlit með notkun óleyfilegra lyfja/efna, sýnataka vegna leitar að óleyfilegum efnum og dýralæknameðferð hrossa gilda.

Sýni til greiningar má taka úr öllum hestum (blóð, þvag, munnvatn). Séu niðurstöður leitar jákvæðar skal kostnaður greiddur af keppanda, séu þær neikvæðar ber mótshaldari kostnaðinn.

Mótshaldarar taka ákvörðun um framkvæmd lyfjaprófa. Í því tilfelli dregur yfirdómari hestinn úr hópi þeirra hesta sem til greina koma. Niðurstöður útdráttarins eru leynilegar. Strax eftir að úrslit eru ljós skal tilkynna hvaða hestur hafi verið dreginn út. Knapinn eða fulltrúi hans skal fara til sýnatöku strax og beðið er um.

Brjóti hestur/knapi ofangreindar reglur skal hann útilokaður frá keppni. Áfrýjunarréttur er enginn.

## A8 Reiðtygi

Hnakkar og beisli skulu henta íslenskum hestum. Eftirfarandi reglur gilda á öllu mótssvæðinu meðan á mótinu stendur.

### A8.1 Hnakkar

Í grundvallaratriðum eru allir hnakkar og hnakkdýnur sem henta íslenska hestinum leyfðar. Viðurkenndur útbúnaður felur einnig í sér hlífðardýnu, hnakklæði, forgjörð og reiða. Hnakkurinn skal vera staðsettur þannig að meirihluti gjarðar hvíli á bringubeininu. Hnakkurinn skal staðsettur þannig á standandi hesti að hann hvorki sitji á herðum hestsins né að þungi hans hvíli á spjaldhryggsvæði hestsins. Sé hnakkur staðsettur of aftarlega má gefa aðvörun, eða víkja knapa úr keppni eftir því hvar hnakkur er staðsettur.

### A8.2 Mél og Beisli

Ekki er heimilt að nota þann beislabúnað sem er listaður á heimasíðu FEIF og í íslenskri reglugerð um velferð hrossa 910/2014. Óheimilt er að hafa nefól reiðmúls of þétt herta. Reiðmúll skal hertur þannig að bil milli nefólar og miðju neflínu hestsins sé a.m.k. 1,5 cm sé notaður nasamúll og 1 cm sé notaður enskur reiðmúll (eða samsettir múlar). Mæla skal hversu þétt reiðmúll er hertur með þar til gerðu mælitæki (e. Noseband Taper Gauge). Komi í ljós að reiðmúll sé of þétt hertur skal vísa knapa úr keppni, ef brot á sér stað í forkeppni, en úr úrslitum ef brot á sér stað í úrslitum. Eigi brot sér stað í skeiðkeppni skal vísa pari úr viðkomandi spretti.

#### A8.2.1 Leyfileg mél og beislabúnaður í kynbótasýningum

Sjá grein G8.2.1 í reglum FEIF

#### A8.2.2 Leyfileg mél og beislabúnaður Sport

Nota má hvaða mél sem er sem hluta af beislabúnaði ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Þau henti til reiðar (séu ekki ætluð til aksturs eða annarra nota með hesta)
- Þau henti til reiðar á íslenskum hestum
- Þau henti hestinum og séu notuð á réttan hátt ~~sem þau eru notuð á~~
- Þau séu ekki á lista yfir bönnuð mél sem birtur er á heimasíðu FEIF

Öll mél eru leyfð í öllum keppnisgreinum. Engu má bæta við mél öðru en hringjahlífum og keðjuhlífum og ekkert annað má vera í munni hestsins.

Ríða má hestum með mélalausum beislabúnaði, að því tilskyldu að hann uppfylli ofangreind skilyrði.

Ákvörðun yfirdómara um notkun hvers kyns méla eða beislabúnaðar á tilteknu móti er endanleg fyrir það ákveðna mót.

### A8.2.3 Bönnuð mál og beislabúnaður

Bönnuð mál og/eða beislabúnaður eru mál eða beislabúnaður sem greinilega er hannaður með annað í huga en reið á íslenskum hestum, eins og til dæmis mál fyrir akstur eða mál sem eru hluti af reiðbúnaði hönnuðum fyrir aðra reiðmenningu eða eru notuð á annan hátt en þau er hönnuð til. Einungis má nota tauma sem fara beint úr hönd reiðmannsins á viðeigandi stað á málum eða málalausum beislisbúnaði.

Til viðbótar þessum almennu reglum þá heldur FEIF úti lista yfir mál og beislabúnað sem eru ekki leyfð af sérstökum ástæðum. Þessi listi inniheldur lýsingar og myndir af viðeigandi málum eða beislabúnaði eða samsetningu mála og beislabúnaðar. Þessi listi er birtur á heimasíðu FEIF.

Til að bæta sérstökum málum og/eða beislabúnaði á lista yfir bönnuð mál og beislabúnað, geta sportfulltrúar hvers lands, meðlimir íþróttanefndar FEIF og alþjóðlegir íþróttadómarar FEIF lagt fram tillögur til búnaðarnefndar FEIF. Greinileg lýsing, skýr mynd og gildur rökstuðningur skal fylgja slíkri beiðni. Búnaðarnefnd FEIF er skipuð einum fulltrúa úr íþróttanefnd, einum úr kynbótanefnd og einum aðila frá stjórn FEIF. Búnaðarnefnd FEIF fer yfir slíka tillögur og breytingar skulu birtar fyrir 1. apríl ár hvert, nema í þeim tilvikum þegar ákvörðun viðkomandi yfirvalds kallar á tafarlausa viðbrögð. Í slíkum tilvikum skal nefndin vera samhljóða í álit sínu og álitid skal samþykkt af stjórn FEIF.

Íslenskar sérreglur:

Skáreim er leyfð á Íslandi í gæðingakeppni og íþróttamótum sem ekki eru World Ranking. Sjá einnig reglugerð 910/2014 um velferð hrossa.

## A8.3 Járningar

### A8.3.1 Járning hesta í kynbótasýningum

Sjá grein G8.2.1 í reglum FEIF

### A8.3.2 Járning keppnishesta

#### A8.3.2.1 Lengd hófa

Járning skal vera eins vönduð og hægt er og tálína má ekki vera brotin, þ.e. halli hófs og kjúku skal vera sá sami. Hóflengd skal vera eðlileg og ekki meiri en 9,0 cm. Undantekningu má gera ef fyrir liggur skrifleg sönnun þess t.d. frá dýralækni eða kynbótasýningu um að hesturinn sé 145 cm eða hærri á herðakamb á stangarmáli, en í því tilviki má lengd hófa vera allt að 9,5 cm. Allar lengingar á hófi með gerfiefnum eru bannaðar. Botnar/kransar/hringir eru leyfðir og eru ekki mældir með hóf.

**A8.3.2.2 Skeifur (hefðbundar skeifur úr járni)**

Ef hestur er járnaður skal hann járnaður á öllum fjórum fótum. Einungis er heimilt að nota skeifur sem sérstaklega eru gerðar til þess að þjóna sem skeifur fyrir hesta. Allar skeifur skulu vera opnar að aftan. Allar fjórar skeifur skulu vera úr sama efni. Nota má skeifur annarar gerðar en úr járni ef þyngd þeirra er ekki meiri en venjulegrar járnскеifu sömu stærðar. Skeifan má að hámarki vera 10,0 mm að þykkt og 23,0 mm á breidd og skal vera jöfn að lögun.

**Stærð skeifu**

Stærð skeifu verður að fylgja stærð og lögun hófar.

**Staðsetning skeifu**

Skeifan má ekki fara fram fyrir eðlilega tálínu hófsins og að aftan ekki aftar en lóðrétt lína dregin niður af þófa/hæl.

**Skaflar**

Leyfðir eru tveir venjulegir skaflar á hverja skeifu, hnykktir, soðnir eða skrúfaðir, einn á hvorn hæl skeifunnar. Skafl má ekki vera stærri en: 15 x 15 x 12 mm (l x b x h) og má ekki vera festur með meira en 4 suðupunktum. Hafi skaflar brodd (karbít), má hann ekki ná meira en 3 mm niður fyrir skaflinn.

**Uppslættir**

Leyfðir eru að hámarki þrír uppslættir, hver að hámarki 2 mm að þykkt á hverja skeifu. Ásoðnir uppslættir eru ekki leyfðir.

**Ásuður og pottanir**

Ásuður og pottanir eru ekki leyfðar.

**Leður- og gerviefnahringir og botnar**

Nota má hringi úr leðri og gerviefni milli hófs og skeifu, sem skulu fylgja lögun skeifunnar, og mega vera að hámarki 5 mm þykkir. Sé botn og/eða fyllingarefni notað má skeifa ekki vera þykkri en 8,0 mm, annars má skeifa vera að hámarki 10 mm að þykkt. Einungis er heimilt að nota einn hring eða botn eða fleyg á hvern fót. Styrkingar, sem stuðla að réttri virkni botnsins/hringsins eru leyfilegar.

Fleygbotnar eru heimilir, þeir mega að hámarki vera 8 mm þykkir á hæl og að hámarki 2 mm í tá, enda sé halli hófs réttur miðað við kjúku og tálína í réttri lengd.

e. A ring may have one single bridge not wider than 23.0 mm joining one side to the other. A ring is deemed to be a sole if there is any other form of connection from one side to the other. Rings are allowed with shoes up to 10mm.

This is also valid when the connection consists of a woven construction. Reinforcements to keep the ring in place on the shoe are allowed.

As soon as any material is inside the hoof (including the shoe) the rules for soles apply, even if no sole is used.

Ákvörðun dómara um lögmæti hringis eða botns á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna mót.

### **Bannaðar skeifur, hringir og botnar**

Þær skeifur, hringir eða botnar sem greinilega eru ekki framleiddir í þeim tilgangi að notast fyrir reiðhesta eru bannaðir.

#### **A8.3.2.3 Alternative Shoes (Other Than Standard Iron Shoes)**

All alternative shoes are allowed without filling as long as the weight does not exceed the weight of standard iron shoes of the same size. If the shoeing is glued onto the hoof, an identical spare must be available for inspection at the equipment check.

Alternative shoes must be used as manufactured without any modification.

Alternative shoes must follow the same rules as normal shoes regarding fit and placement on the hoof.

#### **A8.3.2.4 Skeifa fellur undan**

Missi hestur skeifu/r eða járnning aflagast skal knapi hætta keppni. Ef dómari er viss um að hestur hafi misst skeifu án þess að keppandi hætti keppni, skal hann stöðva frekari þátttöku keppnisparsins.

- Ef þetta gerist í í forkeppni er keppandi dæmdur úr leik í viðkomandi keppnisgrein og fær ekki einkunn.
- Ef þetta gerist í úrslitum eða í skeiðkeppni skulu allar einkunnir/tímar sem gefnar hafa verið fyrir þau verkefni/spretti sem lokið er áður en skeifa fer undan standa. Keppandinn fær 0 fyrir þau verkefni sem eftir eru en er ekki dæmdur úr leik.
- Hestur sem kemur í fótaskoðun án skeifu, skal dæmdur úr leik í forkeppni, en ef um úrslit er að ræða skal hann fá 0 fyrir síðasta verkefni í viðkomandi keppnisgrein.

#### **A8.3.2.5 Endurjárnning**

Ekki má járna hest aftur, eftir að hann hefur hafið keppni í sinni fyrstu grein, nema með leyfi yfirdómara.

### **A8.4 Aukabúnaður**

- Gúmmíteygjur til að skipta faxi hesta eru heimilar.
- Á veturna er heimilt í öryggisskyni að nota botna með „snjógripi“ (botnar með auka gripi til að nota á sleipu yfirborði), til viðbótar við ísfjaðrir og skafla sem uppfylla reglur sem gerðar eru til skafla. Botnar skulu að öðru leyti uppfylla kröfur sem gerðar eru til slíkra botna úr leðri eða plasti.
- Heimilt er að nota eyrnartappa

- Heimit er að nota snoppunet ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt: Netið skal vera í hlutlausum lit, ekki klípa hestinn og vera staðsett að mélin séu ávallt sýnileg.

#### **A8.4.1 Pískar**

Pískur má ekki vera lengri en 120 cm að meðtöldum pískenda. Í skeiðkappreiðum eru pískar bannaðir. Knapir má einungis nota einn písk í einu. Reglur um píska gilda á öllu mótssvæðinu á meðan á mótinu stendur.

### **A8.5 Hlíðarútbúnaður**

Ekki er heimilt að setja meiri þyngd á fætur en nauðsynlegt er til verndar.

#### **A8.5.1 Kynbótasýningar**

Sjá grein G8.5.1 í reglum FEIF

[ekki þykir ástæða til að þýða kynbótareglur]

#### **A8.5.2 Sport competitions**

Leyðar eru hlífur, fyrir ofan hófbotn að hámarki 250 gr á hvern fót. Ekki má breyta hlífðarútbúnaði frá því að komið er inn á hringvöllinn þar til sýningu er lokið.

Ef hlíf fellur af í forkeppni skal knapinn ákveða hvort hann lýkur sýningu án hlífarinnar eða hættir keppni.

Hlíf sem fellur af á meðan á úrslitum stendur má setja á aftur með leyfi dómara á meðan einkunnir eru lesnar upp á milli atriða eða á milli skeiðsprettu í fimmgangi. Sama á við í fimmgangsforkeppni þar sem fleiri en einn hestur eru inn á í einu. Þá má setja hlíf á aftur á milli skeiðsprettu með leyfi dómara. ~~Slitni hlíf á meðan á úrslitum stendur, má með leyfi dómara setja samskonar hlíf á aftur.~~

Þessar reglur gilda fyrir allt keppnissvæðið sem og allan tímann sem mót stendur.

##### **A8.5.2.1 Járninga- og hlífaskoðun**

Skoðun á járningum og hlífum er á ábyrgð dómara. Ef ekki er um opinbera, kerfisbundna fótaskoðun að ræða skal gefa knöpum kost á að fá járningar og hlífur skoðaðar fyrir upphaf keppni. Á meðan á keppni stendur, geta starfsmenn vallarins skoðað reiðtygi um leið og hver hestur yfirgefur völl eftir að hafa lokið keppni. Ef ekki er um kerfisbundna skoðun að ræða, skal taka tilviljunarkennt úrtak úr ráslista og skoða hjá þeim. Þá skal einnig ávallt skoða einn af efstu þremur hestum í hverri keppnisgrein og skal dregið um hver þeirra kemur til skoðunar. Knapar skulu vera undir það búnir að draga undan hesti sínum, séu þeir dregnir út til fótaskoðunar.

Leiki minnsti vafi á því að mati dómara að reglur um járningar eða hlífur hafi verið brotnar, getur hvaða dómari sem er farið fram á sérstaka skoðun. Einn eða fleiri dómarar sem valdir hafa verið til þessara starfa, framkvæma skoðunina. Knapinn og dómarar geta farið fram á aðstoð mótsjárningamanns eða mótsdýralæknis. Dómararnir skera úr um hvort járning og/eða hlífur uppfylli reglugerð. Þeir geta farið fram á að skeifa sé fjarlægð og sett undir að nýju.

Knapi hefur ekki rétt á að fara fram á bæt看. Ef mótsjárningamaður fjarlægir skeifu skal kostnaður greiddur af mótshöldurum, annars er kostnaður á ábyrgð þess knapa sem í hlut á.

Dómurum er heimilt að velja hesta sem járnaðir eru á botna til skoðunar (einn eða fleiri botnar eru þá fjarlægðir til skoðunar).

Venjulega skal ekki fjarlægja skeifur af sama hestinum oftar en einu sinni á sama móti. Hesta, sem hafa verið dregnir út eða teknir út til skoðunar, má járna aftur en aðeins undir eftirliti yfirdómara eða fulltrúa hans.

Knapinn sem í hlut á hefur engan rétt á að fara fram á bæt看. Fari knapi ekki að fyrirmælum dómara verður hesturinn útilokaður frá allri þátttöku á viðkomandi móti.

## A9 Vellir

Allar FEIF íþróttakeppnisgreinar skulu fara fram á viðurkenndum völlum hringvelli, skeiðvelli eða fimivelli eftir því sem segir í reglugerð um viðeigandi greinar. Vellirnir þurfa að uppfylla skilyrði sem koma fram í reglum þessum. Við inngang allra vallanna skal vera svæði þar sem knapar geta undirbúið hest sinn fyrir keppni sem og upphitunarhringur fyrir keppnisparið.

### A9.1 Vellir fyrir kynbótasýningar

Sjá grein G9.1 í reglum FEIF

### A9.2 Vellir fyrir Íþróttakeppnisgreinar

#### A9.2.1 Hringvellir og lýsing á velli

Allar keppnisgreinar sem fara fram á hringvelli verða að fara fram á hringvelli sem uppfyllir skilyrði og mál sýnd á teikningum í gr. Í17 fyrir 4m og 6m velli. Þegar fleiri en einn knapi eru á vellinum og sýna samkvæmt fyrimælum þular, eru tímamörk hvers atriðis ákveðin af Íþróttanefnd FEIF eins og þau eru birt í gr. Í13.

Völlurinn skal vera jafn og stöðugu undirlagi, 250 m langur. Ytra ummál skal vera 271.69 m og innanmál 246.56 m, 4.00 m breiður. Innri radíus beygjanna skal vera 13 m. Lengd langhliðar (á milli beygja) skal vera 70.44 m, lengd skammhlið (á milli beygja) skal vera 12 m. Lágmarks vatnshalli að innri hlið vallar skal vera 1.5%<sup>7</sup>. Girðingar skulu vera lágar og hvorki trufla keppendur né dómara.

Vísað er til teikninga um önnur mál.

Uppaf og endi langhliða skal merkja greinilega.

Íslensk sérregla: Allir vellir sem hafa verið notaðir fyrir íslenskt mótahald til ársins 2022 teljast löglegir.

#### A9.2.2 Skeiðvöllur og lýsing á völlum

Völlurinn skal vera beinn; 250 m langur, jafn, með stöðugu undirlagi og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Um það bil 8 m pláss fyrir start og um það bil 50 m niðurhægingarkafli. Girðing skal ná a.m.k. 10 m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins. Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún trufla. Yfirdómari verður að samþykkja völlinn.

<sup>7</sup> Established tracks may keep a gradient towards the inner side of the track of up to 3.75% (long sides and shorts sides between the curves) and up to 7.5% in the curves.

Skeiðbraut skal vera bein, 210 metra löng, jöfn, með stöðugu undirlagi og vera að minnsta kosti 4 metra breið. Skeiðbraut má nota fyrir gæðingaskeið með viðeigandi merkingum samanber teikningar í grein 17.8 (viðauki 10)

### **A9.2.3 World Championship Tracks**

Sjá gr. A9.2.3 í reglum FEIF.

## A10 Andmæla- og agareglur

### A10.1 Almennar grundvallarreglur

1. Ákvarðanir teknar af úrskurðarnefnd FEIF (e. FEIF Arbitration Committee) og áfrýjunardómstól FEIF (e. FEIF Arbitration Council) varðandi áfrýjanir og dóma eru endanlegar.
2. Að svo miklu leyti sem álitæfni heyrir undir lögsögu úrskurðarnefnda í heimaríkinu er ákvörðun úrskurðarnefndar yfirdómnefndar endanleg.
3. Enginn sá sem hefur einhver tengsl eða hefur einhverra hagsmuna að gæta, skal taka þátt í meðferð mála ákvarðanatöku varðandi agamál.

Áfrýjunardómstóll FEIF (e. FEIF Arbitration Council) er skipaður samkvæmt 5 kafla laga FEIF (e. Statutes) og er lögsaga hans eins og þar segir. Úrskurðarnefnd FEIF er skipuð 3 aðilum.

Stjórn FEIF getur skotið til úrskurðarnefndar eða áfrýjunardómstóls FEIF, málum sem varða brot embættismanna FEIF á lögum og reglum FEIF.

Öll önnur aga- og úrskurðarmál eru undir lögsögu heimaríkjanna og skulu meðhöndluð af heimaríkjunu samkvæmt lögum þess og reglum.

Sjá íslenskar agareglur í reglum um Úrskurðar- og aganefnd í reglugerð um mótahald á Íslandi.

## A11 Viðauki 1 : Siðareglur

### A11.1 Siðareglur fyrir dómara á WorldRankin mótum

Með því að taka að sér að dæma á WorlRankin mótum þá samþykkir viðkomandi dómari að starfa samkvæmt neðangreindum viðmiðunum:

1. Dómari skal leitast við að hafa hlutlausa, sjálfstæða og sanngjarna afstöðu gagnvart knöpum, eigendum, þjálfurum, skipuleggjendum og öðrum embættismönnum og (integrate well into a team). Hvorki fjárhagslegir og/eða persónulegir hagsmunir skulu hafa eða vera álitnir hafa áhrif á dómstörf þeirra.
2. Dómari skal forðast alla raunverulega eða ætlaða hagsmunaárekstra. Atriði sem leiða til eða geta leitt til þess að hagsmunaárekstur sé talinn vera til staðar eru m.a. eftirtalin atriði (ekki er um tæmandi lista að ræða):
  - Þjálfar/æfir hest/knappa á meðan móti stendur eða á síðustu tveimur dögum áður en mót hefst.
  - Dæmir keppnisgrein þar sem hann er eigandi/eigandi hlutar í hesti sem tekur þátt.
  - Er fjárhagslega háður eða hefur fjárhagslegan ávinning af árangri eigenda, knapa, þjálfara, skipuleggjenda eða annarra tengdra aðila.

- Er í nánnum persónulegum tengslum við keppanda. Dómari skal ekki dæma flokka þar sem maki, börn, systkini eða foreldrar eru að keppa.
  - Óviðeigandi notkun á samfélagsmiðlum eða öðrum miðlum, áður, á meðan og eftir mót.
3. Dómari skal upplýsa yfirdómara og mótshaldara um hugsanlega hagsmunaárekstra eða aðstæður sem gætu gefið tilefni til ætlaðra hagsmunaárekstra.
  4. Á meðan móti stendur skal dómari vera stundvís og haga sér á öllum stundum á faglegan hátt. Dómari skal vera vel undirbúinn til að dæma þær keppnisgreinar sem hann dæmir og skal starfa vel með framkvæmdaraðila, meðdómendum og öðrum starfsmönnum. Dómari skal ekki neita áfengis fyrr en eftir að hann hefur lokið dómstörfum viðkomandi dag og skal halda notkun farsíma og annarra fjarskiptatækja í lágmarki.

Með því að samþykkja að dæma á WorldRanking móti, samþykkir dómari þessi viðmið og gerir sér grein fyrir því að FEIF má beita agaviðurlögum gagnvart dómurum sem fara ekki eftir þessum siðareglum. Viðurlög geta m.a. falið í sér: (1) Skriflega aðvörum (2) Tímabunda brottvikningu og (3) Dómari er tekinn af lista FEIF yfir alþjóðlega dómara.

## **A11.2 Code of Conduct for World Championship Judges**

Sjá grein G11.2 í reglum FEIF.

# Reglur um íþróttakeppni (Í)

|             |                                      |           |
|-------------|--------------------------------------|-----------|
| <b>Í1.1</b> | <b>AUGLÝSINGAR OG SKRÁNINGAR</b>     | <b>8</b>  |
| <b>Í1.2</b> | <b>DÓMARAR</b>                       | <b>8</b>  |
| <b>Í1.3</b> | <b>RÁSRÖÐ</b>                        | <b>8</b>  |
| <b>Í1.4</b> | <b>UPPHITUNARHESTUR</b>              | <b>8</b>  |
| <b>Í1.5</b> | <b>SAMANLAGÐAR GREINAR</b>           | <b>9</b>  |
| Í1.5.1      | FJÓRGANGUR                           | 9         |
| Í1.5.2      | FIMMGANGUR                           | 9         |
| Í1.5.3      | HESTAR JAFNIR AÐ STIGUM              | 10        |
| Í1.5.4      | SAMANLAGÐAR GREINAR Í YNGRI FLOKKUM. | 10        |
| <b>Í1.6</b> | <b>KNAPI SKAL DÆMDUR ÚR LEIK EF:</b> | <b>10</b> |
| <b>Í1.7</b> | <b>DREGIÐ TIL BAKA ÚR KEPPNI</b>     | <b>11</b> |

## **Í2 HRINGVALLARGREINAR** **12**

|             |                                                                          |           |
|-------------|--------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Í2.1</b> | <b>DÓMARAR</b>                                                           | <b>12</b> |
| <b>Í2.2</b> | <b>EINKUNNIR</b>                                                         | <b>12</b> |
| Í2.2.1      | FORKEPPNI                                                                | 12        |
| Í2.2.2      | ÚRSLIT                                                                   | 12        |
| <b>Í2.3</b> | <b>FRAMVINDA KEPPNISGREINAR</b>                                          | <b>13</b> |
| Í2.3.1      | FORKEPPNI ÞAR SEM EINN KEPPANDI ER Á VELLINUM                            | 13        |
| Í2.3.2      | ÚRSLIT OG FORKEPPNI ÞAR SEM FLEIRI EN EINN KEPPANDI ER Á VELLINUM Í EINU | 13        |
| <b>Í2.4</b> | <b>VINSTRI HANDAR OG HÆGRI HANDAR RÁSHÓPAR</b>                           | <b>13</b> |
| <b>Í2.5</b> | <b>ÚRSLIT</b>                                                            | <b>14</b> |
| <b>Í2.6</b> | <b>HESTAR JAFNIR EFTIR ÚRSLIT</b>                                        | <b>14</b> |
| <b>Í2.7</b> | <b>TÓNLIST</b>                                                           | <b>14</b> |
| <b>Í2.8</b> | <b>LÝSING Á KEPPNISGREINUM</b>                                           | <b>14</b> |
| Í2.8.1      | T1 – TÖLTKEPPNI                                                          | 14        |
| Í2.8.1.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 14        |
| Í2.8.1.2    | Forkeppni .....                                                          | 14        |
| Í2.8.1.3    | Úrslit .....                                                             | 15        |
| Í2.8.2      | T2 – TÖLTKEPPNI                                                          | 15        |
| Í2.8.2.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 15        |
| Í2.8.2.2    | Forkeppni .....                                                          | 15        |
| Í2.8.2.3    | Úrslit .....                                                             | 15        |
| Í2.8.3      | T3 – TÖLT                                                                | 15        |
| Í2.8.3.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 16        |
| Í2.8.3.2    | Forkeppni .....                                                          | 16        |
| Í2.8.3.3    | Úrslit .....                                                             | 16        |
| Í2.8.4      | T4 TÖLTKEPPNI                                                            | 16        |
| Í2.8.4.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 16        |
| Í2.8.4.2    | Forkeppni .....                                                          | 16        |
| Í2.8.4.3    | Úrslit .....                                                             | 16        |
| Í2.8.5      | T5 – TÖLT                                                                | 17        |
| Í2.8.5.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 17        |
| Í2.8.5.2    | Forkeppni .....                                                          | 17        |
| Í2.8.5.3    | Úrslit .....                                                             | 17        |
| Í2.8.6      | T6 – TÖLT                                                                | 17        |
| Í2.8.6.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 17        |
| Í2.8.6.2    | Forkeppni .....                                                          | 17        |
| Í2.8.6.3    | Úrslit .....                                                             | 17        |
| Í2.8.7      | T7 – TÖLT                                                                | 18        |
| Í2.8.7.1    | Leyfilegir hestar.....                                                   | 18        |

|           |                             |    |
|-----------|-----------------------------|----|
| Í2.8.7.2  | Forkeppni .....             | 18 |
| Í2.8.7.3  | Úrslit .....                | 18 |
| Í2.8.8    | T8 – TÖLT .....             | 18 |
| Í2.8.8.1  | Leyfilegir hestar .....     | 18 |
| Í2.8.8.2  | Forkeppni .....             | 18 |
| Í2.8.8.3  | Úrslit .....                | 18 |
| Í2.8.9    | V-1 FJÓRGANGUR .....        | 19 |
| Í2.8.9.1  | Leyfilegir hestar .....     | 19 |
| Í2.8.9.2  | Forkeppni .....             | 19 |
| Í2.8.9.3  | Úrslit .....                | 19 |
| Í2.8.10   | V2 – FJÓRGANGUR .....       | 19 |
| Í2.8.10.1 | Leyfilegir hestar .....     | 19 |
| Í2.8.10.2 | Forkeppni: .....            | 20 |
| Í2.8.10.3 | Úrslit .....                | 20 |
| Í2.8.11   | V3 – FJÓRGANGUR .....       | 20 |
| Í2.8.11.1 | Leyfilegir hestar .....     | 20 |
| Í2.8.11.2 | Forkeppni .....             | 20 |
| Í2.8.11.3 | Úrslit .....                | 20 |
| Í2.8.12   | V4 – FJÓRGANGUR .....       | 21 |
| Í2.8.12.1 | Leyfilegir hestar .....     | 21 |
| Í2.8.12.2 | Forkeppni .....             | 21 |
| Í2.8.12.3 | Úrslit .....                | 21 |
| Í2.8.12.4 | Almennar athugasemdir ..... | 21 |
| Í2.8.13   | V5 – FJÓRGANGUR .....       | 21 |
| Í2.8.13.1 | 22 .....                    | 22 |
| Í2.8.13.2 | Forkeppni: .....            | 22 |
| Í2.8.13.3 | Úrslit .....                | 22 |
| Í2.8.14   | V6 – FJÓRGANGUR .....       | 22 |
| Í2.8.14.1 | 22 .....                    | 22 |
| Í2.8.14.2 | Forkeppni .....             | 22 |
| Í2.8.14.3 | Úrslit .....                | 22 |
| Í2.8.15   | F1 – FIMMGANGUR .....       | 23 |
| Í2.8.15.1 | Leyfilegir hestar .....     | 23 |
| Í2.8.15.2 | Forkeppni .....             | 23 |
| Í2.8.15.3 | Úrslit .....                | 23 |
| Í2.8.16   | F2 – FIMMGANGUR .....       | 24 |
| Í2.8.16.1 | Leyfilegir hestar .....     | 24 |
| Í2.8.16.2 | Forkeppni .....             | 24 |
| Í2.8.16.3 | Úrslit .....                | 24 |
| Í2.8.17   | F3 - FIVE GAIT .....        | 25 |
| Í2.8.17.1 | Leyfilegir hestar .....     | 25 |
| Í2.8.17.2 | Forkeppni .....             | 25 |
| Í2.8.17.3 | Úrslit .....                | 25 |

### **Í3 SKEIÐVALLARGREINAR 25**

|      |                                      |    |
|------|--------------------------------------|----|
| Í3.1 | BÚNAÐUR .....                        | 25 |
| Í3.2 | DÓMARAR .....                        | 26 |
| Í3.3 | TÍMAVARSLA .....                     | 26 |
|      | REGLUR UM HANDVIRKA TÍMAVÖRSLU ..... | 26 |
| Í3.4 | EINKUNNAGJÖF Í KAPPREIÐUM .....      | 26 |
| Í3.5 | MET .....                            | 27 |

|                                                                                  |           |
|----------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Í3.6 LÝSING Á KEPPNISGREINUM</b>                                              | <b>28</b> |
| Í3.6.1 P1 – SKEIÐKAPPREIÐAR 250 M                                                | 28        |
| Í3.6.1.1 Löglegir hestar (Eligible Horses).....                                  | 28        |
| Í3.6.1.2 Rásbásar .....                                                          | 28        |
| Í3.6.1.3 Hætt við þátttöku í spretti .....                                       | 28        |
| Í3.6.1.4 Rásröð .....                                                            | 28        |
| Í3.6.1.5 Ræsing .....                                                            | 28        |
| Í3.6.1.6 Ræsing með rásbásum eða sjálfvirki ræsingarvél .....                    | 29        |
| Í3.6.1.7 Dómarar .....                                                           | 30        |
| Í3.6.1.8 Knapar .....                                                            | 30        |
| Í3.6.1.9 Rafræn tímataka .....                                                   | 31        |
| Í3.6.1.10 Einkunnir .....                                                        | 31        |
| Í3.6.2 P2 – SKEIÐ: 100 M SKEIÐ MEÐ FLJÓTANDI RÆSINGU                             | 32        |
| Í3.6.2.1 Ræsing.....                                                             | 32        |
| Í3.6.2.2 Rásröð.....                                                             | 32        |
| Í3.6.2.3 Dómarar .....                                                           | 32        |
| Í3.6.2.4 Einkunnagjöf .....                                                      | 32        |
| Í3.6.2.5 Búnaður (Equipment) .....                                               | 32        |
| Í3.6.2.6 Knapar .....                                                            | 32        |
| Í3.6.2.7 Einkunnir .....                                                         | 33        |
| Í3.6.3 P3 – SKEIÐKAPPREIÐAR 150 M                                                | 34        |
| Í3.6.3.1 Löglegir hestar .....                                                   | 34        |
| Í3.6.3.2 Dómarar .....                                                           | 34        |
| Í3.6.3.3 Rafræn tímataka .....                                                   | 34        |
| Í3.6.3.4 Einkunnir .....                                                         | 35        |
| Í3.6.4 PP1 – GÆÐINGASKEIÐ                                                        | 36        |
| Í3.6.4.1 Löglegir hestar .....                                                   | 36        |
| Í3.6.4.2 Völlur .....                                                            | 36        |
| Í3.6.4.3 Rásröð.....                                                             | 36        |
| Í3.6.4.4 Ræsing.....                                                             | 36        |
| Í3.6.4.5 Dómarar .....                                                           | 36        |
| Í3.6.4.6 Tilkynning einkunna .....                                               | 37        |
| Í3.6.4.7 Enginn tími .....                                                       | 37        |
| Í3.6.4.8 Einkunnatafla .....                                                     | 37        |
| Reikna skal út einkunnir fyrir tíma í sekúndum samkvæmt eftirfarandi töflu. .... | 37        |
| Í3.6.5 PP2 - GÆÐINGASKEIÐ                                                        | 39        |
| Í3.6.5.1 Löglegir hestar .....                                                   | 39        |
| Í3.6.5.2 Völlur .....                                                            | 39        |
| Í3.6.5.3 Rásröð.....                                                             | 39        |
| Í3.6.5.4 Ræsing.....                                                             | 39        |
| Í3.6.5.5 Dómarar .....                                                           | 39        |
| Í3.6.5.6 Tilkynning einkunna .....                                               | 40        |
| Í3.6.5.7 Einkunnir .....                                                         | 40        |
| Í3.6.5.8 Einkunnatafla .....                                                     | 40        |
| Reikna skal út einkunnir fyrir tíma í sekúndum samkvæmt eftirfarandi töflu ..... | 40        |
| Í3.6.6 PP3 EASY PACE TEST                                                        | 42        |
| Í3.6.6.1 Löglegir hestar .....                                                   | 42        |
| Í3.6.6.2 Völlur .....                                                            | 42        |
| Í3.6.6.3 Rásröð.....                                                             | 42        |
| Í3.6.6.4 Ræsing.....                                                             | 42        |
| Í3.6.6.5 Dómarar .....                                                           | 42        |
| Í3.6.6.6 Tilkynning einkunnar .....                                              | 43        |

|                                                 |           |
|-------------------------------------------------|-----------|
| <b>Í4 FIMIKEPPNI</b>                            | <b>44</b> |
| <b>Í4.1 FIMIVÖLLUR</b>                          | <b>44</b> |
| <b>Í4.2 DÓMARAR</b>                             | <b>44</b> |
| <b>Í4.3 LÝSING Á KEPPNISGREINUM Á FIMIVELLI</b> | <b>44</b> |
| Í4.3.1 FS1 FRJÁLS FIMIKEPPNI                    | 44        |
| Í4.3.1.1 Kröfur .....                           | 44        |
| Í4.3.1.2 Lágmarkskröfur .....                   | 44        |
| Í4.3.1.3 Tónlist.....                           | 45        |
| Í4.3.1.4 Einkunnagjöf .....                     | 45        |
| Í4.3.2 FS2 – RIÐIÐ Á FIMIVELLI                  | 45        |
| Í4.3.2.1 Kröfur .....                           | 45        |
| Í4.3.2.2 Tónlist.....                           | 46        |
| Í4.3.2.3 Einkunnagjöf .....                     | 46        |
| Í4.3.3 FS3 – SÝNING Á FIMIVELLI Í HENDI         | 46        |
| Í4.3.3.1 Kröfur .....                           | 47        |
| Í4.3.3.2 Takmörk .....                          | 47        |
| Í4.3.3.3 Tónlist.....                           | 47        |
| Í4.3.3.4 Einkunnagjöf .....                     | 47        |
| <b>Í5 FIGURE TEXTS</b>                          | <b>48</b> |
| <b>Í5.1 DRESSAGE ARENA</b>                      | <b>48</b> |
| <b>Í5.2 JUDGES</b>                              | <b>48</b> |
| <b>Í5.3 MUSIC</b>                               | <b>48</b> |
| <b>Í5.4 ELIGIBLE HORSES</b>                     | <b>48</b> |
| <b>Í5.5 BOOTS &amp; PROTECTIVE EQUIPMENT</b>    | <b>49</b> |
| <b>Í5.6 TEST DESCRIPTIONS</b>                   | <b>49</b> |
| <b>Í6 AÐRAR KEPPNISGREINAR</b>                  | <b>52</b> |
| <b>Í6.1 FR1 – FÁNAKAPPREIÐAR</b>                | <b>52</b> |
| Í6.1.1 VÖLLUR                                   | 52        |
| Í6.1.2 RÁSRÖÐ                                   | 52        |
| Í6.1.3 RÆSING                                   | 53        |
| Í6.1.4 EINKUNNAGJÖF                             | 53        |
| Í6.1.5 DÆMT ÚR LEIK                             | 53        |
| <b>Í6.2 TR1 – ÞRAUTAKEPPNI</b>                  | <b>53</b> |
| Í6.2.1 VÖLLUR                                   | 53        |
| Í6.2.2 RÆSING                                   | 53        |
| Í6.2.3 EINKUNNAGJÖF                             | 53        |
| Í6.2.4 KRÖFUR                                   | 53        |
| <b>Í6.3 CR1 – VÍÐAVANGSHLAUP</b>                | <b>54</b> |
| Í6.3.1 RÆSING                                   | 54        |
| Í6.3.2 EINKUNNAGJÖF                             | 55        |
| Í6.3.3 KRÖFUR                                   | 55        |
| Í6.3.4 ALMENNAR ATHUGASEMDIR                    | 55        |
| <b>Í7 HEIMSMEISTARAMÓT</b>                      | <b>55</b> |

|                                                                                                    |                  |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
| <b>Í7.1 TEAMS</b>                                                                                  | <b>55</b>        |
| <b>Í7.2 HORSES</b>                                                                                 | <b>56</b>        |
| Í7.2.1 ELIGIBLE HORSES                                                                             | 56               |
| Í7.2.2 SHOEING                                                                                     | 56               |
| Í7.2.3 INSPECTIONS                                                                                 | 56               |
| <b>Í7.3 RIDERS</b>                                                                                 | <b>57</b>        |
| Í7.3.1 ELIGIBLE RIDERS                                                                             | 57               |
| Í7.3.2 RIDERS' DRESS/EQUIPMENT                                                                     | 57               |
| <b>Í7.4 JUDGES</b>                                                                                 | <b>57</b>        |
| Í7.4.1 CHIEF JUDGE                                                                                 | 57               |
| Í7.4.2 APPOINTMENT OF JUDGES                                                                       | 57               |
| Í7.4.3 JUDGES AND CONFLICTS OF INTEREST.                                                           | 58               |
| Í7.4.4 RING MASTERS                                                                                | 58               |
| Í7.4.5 JUDGES' SEMINAR AND CONFERENCE                                                              | 58               |
| Í7.4.6 JUDGES' MEETING                                                                             | 58               |
| Í7.4.7 JUDGES' MEETINGS DURING WORLD CHAMPIONSHIPS                                                 | 59               |
| <b>Í7.5 TIME KEEPING</b>                                                                           | <b>59</b>        |
| <b>Í7.6 STARTING ORDER</b>                                                                         | <b>59</b>        |
| <b>Í7.7 PUNCTUALITY</b>                                                                            | <b>59</b>        |
| <b>Í7.8 DEMONSTRATION RIDER</b>                                                                    | <b>59</b>        |
| <b>Í7.9 TEAM COMPETITION</b>                                                                       | <b>59</b>        |
| <b>Í7.10 ARBITRATION COMMITTEE</b>                                                                 | <b>59</b>        |
| <b>Í7.11 TESTS</b>                                                                                 | <b>60</b>        |
| <b><u>Í8 VIÐAUKI 1: HEIMSLISTI/ WORLD RANKING</u></b>                                              | <b><u>60</u></b> |
| <b><u>Í9 APPENDIX 2: INTERNATIONAL SPORT JUDGE EXAMINATION</u></b>                                 | <b><u>62</u></b> |
| <b><u>Í10 APPENDIX 3: FEIF INTERNATIONAL SPORT JUDGE LICENSE</u></b>                               | <b><u>63</u></b> |
| <b><u>Í11 VIÐAUKI 4: TÍMATÖFLUR P1 SKEIÐKAPPREIÐAR 250 M</u></b>                                   | <b><u>64</u></b> |
| <b><u>Í12 VIÐAUKI 5: TÍMATAFLA P2 FLUGSKEIÐ 100 M</u></b>                                          | <b><u>70</u></b> |
| <b><u>Í13 VIÐAUKI 6: TÍMATAFLA P3 SKEIÐKAPPREIÐAR 150 M</u></b>                                    | <b><u>73</u></b> |
| <b><u>Í14 VIÐAUKI 7: TÍMAVIÐMIÐ ÞAR SEM FLEIRI EN EINN ERU Á HRINGVELLI Í EINU OG ÚRSLIT 1</u></b> |                  |
| <b><u>Í15 VIÐAUKI 8: VINNA Í HENDI Á MÓTUM</u></b>                                                 | <b><u>1</u></b>  |
| <b><u>Í16 VIÐAUKI 9: LÝSING Á RÁSBÁSUM</u></b>                                                     | <b><u>1</u></b>  |
| <b><u>Í17 VIÐAUKI 10: TEIKNINGAR</u></b>                                                           | <b><u>1</u></b>  |
| <b>Í17.1 HRINGVÖLLUR 250 M / 4 M</b>                                                               | <b>1</b>         |
| <b>Í17.2 HRINGVÖLLUR 250 M / 6 M</b>                                                               | <b>1</b>         |
| <b>Í17.3 STAÐSETNING DÓMARA INNAN HRINGVALLAR</b>                                                  | <b>1</b>         |
| <b>Í17.4 HRINGVÖLLUR 250M / 300M SAMSETNING</b>                                                    | <b>1</b>         |

|                                                |   |
|------------------------------------------------|---|
| Í17.5 INNKOMA Á HRINGVÖLL OG BYRJUN KEPPNI     | 1 |
| Í17.6 FIMIVÖLLUR                               | 1 |
| Í17.7 UMHVERFI SKEIÐVALLAR                     | 1 |
| Í17.8 LÝSING Á KEPPNISVELLI FYRIR GÆÐINGASKEIÐ | 1 |
| Í17.9 LÝSING Á KEPPNISVELLI FYRIR P1           | 1 |
| Í17.10 LÝSING Á KEPPNISVELLI FYRIR P2          | 1 |
| 1                                              |   |
| Í17.11 TRAIL                                   | 1 |
| Í17.12 FIGURES                                 | 1 |
| ARENA                                          | 1 |

## Í1 Reglur um íþróttakeppni

Reglur þessa kafla eiga við um íþróttakeppni og byggja á lögum og reglum FEIF um alþjóðlega og innlenda íþróttakeppni á íslenska hestinum. Einnig gilda um keppni [Veterary Rules] og siðareglur Fédération Equestre Internationale (FEI).

### Í1.1 Auglýsingar og skráningar

Mótshaldari semur og birtir dagskrá og skráningaform fyrir lið, hesta og knapa móts. Þar koma skýrt fram öll gjöld sem greiða þarf sem og upplýsingar um hvaða reglur gilda um mótið.

### Í1.2 Dómarar

Allar FEIF greinar skulu vera dæmdar af að minnsta kosti þremur viðurkenndum dómurum. Á WorldRanking mótum skulu vera fimm dómarar í hringvallargreinum. Þar af skulu á WorldRanking mótum vera a.m.k. þrír alþjóðlegir dómarar og þar af a.m.k. einn með fasta búsetu erlendis. Með því er einnig mælt á öllum öðrum mótum.

Á öllum mótum skal tilnefna yfirdómara. Hlutverk hans er:

- Að draga út þá, þar sem kanna á járningar, botnanotkun eða taka lyfjapróf, þar sem farið er fram á þess konar próf.
- Að gæta hagsmuna dómaranna á mótinu
- Að leiða dómarafund fyrir og eftir mót
- Að hafa umsjón með fótaskoðun og eftirliti með reiðtygjum
- Að semja og skila skriflegri skýrslu um mótið.

Yfirdómari skal fylgjast með dómstörfum. Gæti ítrekaðra frávika er yfirdómara skylt að fara fram á skýringar frá viðkomandi dómara/dómurum. Í lok hvers dags skal haldinn fundur dómara þar sem farið er yfir keppni og dóma hvers dags. Farið skal yfir úrslit hverrar greinar og séu frávik einstakra dómara mikil frá endanlegum úrslitum, skal hann skýra sitt mál. Telji yfirdómari skýringar ófullnægjandi sem og í grófum tilvikum er honum heimilt að víkja dómara frá störfum og kalla til varadómara.

### Í1.3 Rásröð

Rásröð er dregin út. Hestar skráðir eftir að rásröð hefur verið ákveðin þurfa að hefja keppni á undan útdreginni rásröð.

Skylt er að halda rásröðinni, allar breytingar, jafnvel með samþykki allra hlutaðeigandi, eru bannaðar.

### Í1.4 Upphitunarhestur

Upphitunarhestur skal sýna fyrir dómara 15 mínútum fyrir upphaf keppnisgreinar. Dómarar skulu ræða sýningu hans í þeim tilgangi að tryggja samræmi í einkunnagjöf.

## Í1.5 Samanlagðar greinar

Við útreikning á samanlögum stigum skal miða við einkunnir í forkeppni.

### Í1.5.1 Fjörgangur

Samanlagður fjörgangssigurvegari er parið sem fær hæsta samanlagða einkunn úr tveimur keppnisgreinum. Einungis ein grein telur úr hvorum flokki.

Flokkur I: Tölt T1 eða  
Tölt T2

Flokkur II: Fjörgangur V1/

[íslensk sérgrein] eða:

Flokkur I: Tölt T3 eða  
Tölt T4

Flokkur II: Fjörgangur V2

### Í1.5.2 Fimmgangur

Samanlagður fimmgangssigurvegari er parið sem fær hæsta samanlagða einkunn úr þremur keppnisgreinum. Einungis ein grein telur úr hverjum flokki.

Flokkur I: Tölt T1 eða  
Tölt T2

Flokkur II: Fimmgangur F1

Flokkur III: 250 m skeið P1 eða  
Gæðingaskeið PP1 eða  
Flugskeið P2

Fari 150 m skeið (P3) fram og sé það löglega auglýst má nota það í stað P1.

[íslensk sérgrein] eða:

Flokkur I: Tölt T3 eða  
Tölt T4

Flokkur II: Fimmgangur F2

Flokkur III: 250 m skeið P1 eða  
Gæðingaskeið PP1 eða  
Flugskeið P2

### Í1.5.3 Hestar jafnir að stigum

Ef fleiri en einn hestur eru jafnir að stigum í fyrsta sæti, skal beita eftirfarandi ráðstöfunum þar til sigurvegari er fundinn:

- Nr. 1 Skoða skal næsta aukastaf
- Nr. 2 Athuga hvor hefur hærri einkunn í V1/V2 eða F1/F2 (eftir því sem við á um viðkomandi þar hverju sinni)
- Nr. 3 Endurreikna stigin í V1/V2 og F1/F2 með því að nota meðaltal einkunna allra 5 dómara (þannig að hæsta og lægsta einkunn reiknist með til stiga) og leggja þann útreikning til grundvallar þegar sigurvegari er fundinn.
- Nr. 4 Ef framangreint sker ekki úr um sigurvegara, skal sigurvegari fundinn með því að varpa hlutkesti

Ef hestar eru með sömu einkunn í önnur sæti en fyrsta sæti, skulu þeir deila sæti.

Ný málsgrein: Greinar þar sem einn knapi er inn á í einu hafa meira vægi en greinar þar sem 2 eða fleiri eru inn á í einu.

### Í1.5.4 Samanlagðar greinar í yngri flokkum.

Í barnaflokki skulu reiknuð til samanlagðra stiga eftirtaldar greinar: tölt, fjórgangur og gæðingafimi. Knapi þarf ekki að vera á sama hesti í öllum greinum.

Í unglingaflokki skulu reiknuð til samanlagðra stiga eftirtaldar greinar: T1/T3, T2/T4, V1/V2, F1/F2, gæðingaskeið PP1, 100 m skeið P2 og gæðingafimi. Knapi þarf ekki að vera á sama hesti í öllum greinum. Einungis fjórar bestu greinar keppanda telja til samanlagðra stiga.

Í ungmennaflokki eru notaðar sömu reglur og í fullorðinsflokki með þeirri undantekningu að kappreiðaskeið telur ekki til stigasöfnunar.

Ef hestar eru jafnir að stigum skal beita sömu reglu og fram kemur í Í1.5.3.

### Í1.6 Knapi skal dæmdur úr leik ef:

1. Knapi fellur af baki eða fer af baki án leyfis, frá því hann kemur inná hringvöllinn þar til keppni er lokið;
2. Hesturinn fer út af brautinni eftir að vera kominn inn á hringvöllinn, áður en keppni er lokið;
3. The horse crosses its own line on the pace track after the horse has been called in by the speaker;
4. Hestinum er riðið á baug eða greinilega beðinn um að bakka á hringvelli í forkeppi, nema það sé hluti af keppni eða þulur hafi gefið um það fyrirmæli<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Þessi regla á við frá því að komið er inná völlinn þar til keppni er lokið – Sjá einnig reglu Í2.3. – Framvinda keppnisgreinar.

5. Hestur sýnir alvarlega kergju og/eða óhlýðni<sup>2</sup>.
6. Ef ekki er hægt að skoða hest, sem valinn hefur verið af yfirdómara til skoðunar, þ.e. upp í munn hans eða fætur, þrátt fyrir að gefin hafi verið hæfilegur tími til að róa hann niður.

Ef eitthvað af ofantöldu gerist í úrslitum hvort sem er á meðan á einhverju sýningaratriði stendur eða í hléunum á meðan einkunnir eru sýndar, er knapinn dæmdur úr leik í úrslitunum og tekur sæti samkvæmt þeim einkunnum sem hann hefur hlotið fram að því.

- Hestur telst hafa farið út af brautinni þegar allir fjórir fætur fara út af brautinni.
- Knapir telst löglega dæmdur úr leik, ef að minnsta kosti tveir dómara dæma hann úr leik.
- Dómurum er heimilt að taka ákvörðun um að dæma knapa ekki úr leik, ef augljóst þykir að utanaðkomandi truflun hafi valdið því að hesturinn fór út af brautinni.
- Sé þar dæmt úr leik í úrslitum vegna brota á reglum um reiðtygi, útbúnað eða reglum um járnringar dæmist parið þar með úr greininni og fær ekki sætaröðun í þeirri grein.
- Sé þar dæmt úr leik í einhverri umferð í kappreiðum eða gæðingaskeiði vegna vegna brota á reglum (reglum um reiðmennsku eða búnaðarreglum) skal dæmt úr leik í viðkomandi kappreiðum eða gæðingaskeiði þó svo að allar umferðir hafi ekki verið farnar.
- Mæti knapi ekki í búnaðarskoðun skal honum vísað úr keppni og allur árangur hans á mótinu skal felldur niður auk þess sem hann skal missa rétt til þeirra verðlauna sem hann hefur fengið.

## Í1.7 Dregið til baka úr keppni

Gengið skal út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í forkeppni og skeiðgreinum, nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en keppni hefst í viðkomandi grein. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr keppni liggi fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. Ef tilkynnt er of seint að hestur sé dreginn úr keppni milli spretta í skeiðkeppni, er parið einungis dæmt úr leik í þeirri keppni.

World Championships: Riders and horses are expected to be fit for the preliminary rounds and pace tests unless stated differently latest 3pm the day before the test starts. Withdrawal after this time limit will only be accepted if the horse (by the chief veterinarian of the event) or the rider (by a doctor) is declared unfit, or by decision of the Chief Judge; otherwise, the rider is disqualified from the event including forfeiture of marks and prizes already given.

<sup>2</sup> Þessi regla á við frá því að riðið er að braut þar til völlurinn hefur verið yfirgefinn.

Á mótum þar sem lið keppa skulu liðsstjórar tilkynna hvort knapar og hestar séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast.

Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. Yfirdómari skal tafarlaust senda tilkynningu til Skráningardeildar Keppnisbanna og Aðvarana hjá FEIF (e. FEIF Registrar of Bans and Warnings) og dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.

Ef hestur af einhverjum ástæðum mætir ekki í úrslit eða er dæmdur úr leik kemur næsti hestur, sem vill þiggja sætið, úr forkeppni inn í stað hans í samræmi við grein Í2.5.

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í annað hvort A eða B úrslit, skal hann, a.m.k. einni klukkustund áður en viðkomandi úrslit hefjast, ákveða á hvaða/hvorum hesti/num hann hefur keppni í viðkomandi úrslitum. Annar/aðrir hestar knapans raðast í sætaröðun í samræmi við forkeppni og lenda í síðasta/u sæti/um í viðkomandi úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum í samræmi við reglu Í2.5.

## Í2 Hringvallargreinar

### Í2.1 Dómarar

5 eða 3 dómarar dæma hver fyrir sig. Dómarar sýna einkunnir.

### Í2.2 Einkunnir

#### Í2.2.1 Forkeppni

Dómararnir nota einkunnastiga í hverri grein sem nær frá 0 til 10 að báðum tölum meðtöldum. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum. Lokaeinkunn dómara er rúnnað af með einum aukastaf. Í greinum þar sem einungis tvö atriði eru dæmd (t.d. T5, T6, T7, T8) er leyfilegt að bæta við eða draga 0,1 af lokaeinkunn. Að auki er dómurum heimilt að draga allt að 2,0 af lokaeinkunn fyrir slæma reiðmennsku og/eða grófar bendingar. Sé það gert skal dómari sýna gult spjald með einkunn. Einungis lokaeinkunnin er sýnd. Sé það tæknilega mögulegt má sýna sundurliðaðar einkunnir úr forkeppni. Þegar 5 dómarar dæma er hæsta og lægsta einkunn strikuð út. Aðaleinkunn er reiknuð út af stjórnstöð og er meðaltal þriggja einkunna, með tveimur aukastöfum. Rúnnað er af samkvæmt almennum stærðfræðireglum.

#### Í2.2.2 Úrslit

Dómararnir nota einkunnastiga í hverri grein sem nær frá 0 til 10 að báðum tölum meðtöldum. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum. Dómarar sýna einkunnir sínar eftir hvert atriði.

Þegar 5 dómarar dæma er hæsta og lægsta einkunn strikuð út. Einkunn fyrir hvert atriði er reiknað út af stjórnstöð og er meðaltal þriggja einkunnna. Aðaleinkunn, reiknuð út af stjórnstöð er meðaltal af einkunnum fyrir hvert atriði (án aukastafa) margfaldað með vægi atriðis, rúnnað með tveimur aukastöfum í lokaeinkunn. Rúnnað er af samkvæmt almennum stærðfræðireglum.

## Í2.3 Framvinda keppnisgreinar

### Í2.3.1 Forkeppni þar sem einn keppandi er á vellinum

- Hesti skal riðið inn á hringvöllinn og stystu leið á aðra hvora skammhlið vallarins. Hesturinn má ekki fara yfir skammhlið án þess að hefja keppni. Ýmsa mismunandi möguleika varðandi innkomu og byrjun keppni, eftir því hvort riðið er inn á skammhlið eða á langhlið má sjá á teikningu í Í17.5.
- Knapinn skal heilsa dómurum með því að kinka kolli og gefur með því til kynna að hann hafi hafið keppni.
- Gangskiptingar skulu fara fram á miðri skammhlið. Undantekning er gerð með skeið sem einungis skal sýna á langhliðum.
- Til að fá einkunn fyrir gangtegund skal hún sýnd vegalegnd sem jafngildir einni langhlið. Fet skal sýna vegalengd sem jafngildir hálfri langhlið.
- Eftir að hafa lokið síðasta sýningaratriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið.
- Riðið skal út af hringvellingum. Knapa er heimilt að riða hesti sínum í hring þar sem farið er út af hringvellingum eftir að hann hefur lokið keppni í viðkomandi keppnisgrein.

### Í2.3.2 Úrslit og forkeppni þar sem fleiri en einn keppandi er á vellinum í einu

Hestunum skal riðið inn á völinn samkvæmt fyrirmælum þular og upp á þá hönd sem fyrsta sýningaratriði skal sýnt (sjá grein Í2.4). Knaparnir dreifa sér jafnt um völinn. Byrjun og endi sýningar er stjórnað af þul.

Á meðan einkunnir eru sýndar og lesnar upp má einungis ríða hestunum á feti. Til að laga millibil mega knapar snúa við eftir fyrirmælum þular, undir eftirliti yfirdómara.

Riðið skal út af hringvellingum.

## Í2.4 Vinstri handar og hægri handar ráshópar

Í forkeppni þegar fleiri en einn hestur er inn á vellinum mega knapar velja uppá hvora hönd þeir hefja keppni. Ráshópar eru útbúnir með hliðsjón af því upp á hvaða hönd knapar kjósa að hefja keppni. Hafi knapi ekki tiltekið við skráningu upp á hvaða hönd hann vilji hefja keppni, skal gengið út frá því að hann vilji hefja keppni upp á vinstri hönd. Knapar skulu í forkeppni hefja keppni upp á þá hönd sem tilgreind er í ráslista.

Í úrslitum ákveður meirihluti knapa á hvora hönd keppni hefst. Falli atkvæði jafnt vegur atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæði eftir sem áður jafnt, skal varpa hlutkesti um uppá hvora höndina úrslit skulu riðin.

## Í2.5 Úrslit

Efstu fimm keppendur í forkeppni vinna sér sæti í úrslitum sem kölluð eru A-úrslit. Séu fleiri en einn keppandi jafnir í fimmta sæti, taka þeir allir sæti í A-úrslitunum.

Sé þátttaka nægileg getur mótshaldari skipulagt önnur úrslit (6.-10. sæti) sem nefnd eru B-úrslit. Sigurvegari/sigurvegarar þeirra vinnur/vinna sér rétt til að taka þátt í A-úrslitum. Ákveði sigurvegari að taka ekki þátt á A-úrslitum, getur enginn annar komið í hans stað.

Heimilt er en ekki skylt, að bjóða upp á C úrslit þ.e.a.s. keppni um sæti 11 til 15. Sigurvegari C úrslita vinnur sér rétt til að taka þátt í B-úrslitum. Ákveði sigurvegari að taka ekki þátt á B-úrslitum, getur enginn annar komið í hans stað.

Þegar ekki er boðið upp á B-úrslit er skipuleggjendum móta heimilt að ákveða að 6 hestar taki þátt í A-úrslitum..

## Í2.6 Hestar jafnir eftir úrslit

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir úrslit skulu dómara sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni.

Ef hestar eru jafnir í öðru sæti en því fyrsta, deila þeir með sér sætinu. Hlutkesti ræður úthlutun verðlauna.

Íslensk sérregla: Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem um Íslandsmeistaratitil eða innanfélagstitil skal nota sömu aðferð, þ.e. dómara sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni.

## Í2.7 Tónlist

Þegar knapi er einn á hringvellingum getur hann farið fram á að slökkt verði á tónlist. Yfirdómari ákveður hljóðstyrk tónlistar.

## Í2.8 Lýsing á keppnisgreinum

### Í2.8.1 T1 – Töltkeppni

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli

#### Í2.8.1.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

#### Í2.8.1.2 Forkeppni

Einn keppir í einu. Knapi hefur þrjá hringi til að sýna eftirfarandi gangtegundir í eftirfarandi röð.

Verkefni:

1. Keppni hefst á miðri skammhlið, riðinn er einn hringur á hægu tölti upp á hvora hönd sem er. Hægt niður á fet á miðri skammhlið og skipt um hönd.
2. Riðið er af stað á miðri skammhlið á hægu tölti og riðinn einn hringur með greinilegum hraðabreytingum á langhliðum.
3. Frá miðri skammhlið er riðinn einn hringur á yfirferðartölti.

### Í2.8.1.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið uppá báðar hendur samkvæmt fyrirmælum þular eins og lýst er í grein Í2.3.2.

Í úrslitum T1 skal gefa einnar mínútu hlé þegar skipt er um hönd í hraðabreytingum og tveggja mínútu hlé þegar skipt er um hönd á yfirferð. Þulur skal tilkynna knöpum þetta og biðja þá að láta hesta sína feta afslappað þennan tíma.

## Í2.8.2 T2 – Töltkkeppni

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

### Í2.8.2.1 Leyfilegir hestar

Þar sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

### Í2.8.2.2 Forkeppni

Einn knapi er inni á vellinum í einu. Knapi hefur þrjá hringi til að sýna eftirfarandi gangtegundir í eftirfarandi röð.

Verkefni:

1. Tölt á frjálsri ferð, einn hringur.
2. Hægt tölt, jafn og rólegur hraði, 1 hringur. Ekki er gerð sama krafa um hraða og í T1. Hægt er niður á fet og skipt um hönd.
3. Hægt tölt upp í milliferð 1 hringur, þar sem báðir taumar eru teknir í aðra hönd og greinilega sýnt að taumsamband við munn hestsins sé ekki til staðar.

Einungis er heimilt að sýna hvert verkefni einu sinni, í einn hring. Einkunnir fyrir þriðja lið verkefnisins eru tvöfaldaðar.

### Í2.8.2.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

## Í2.8.3 T3 – Tölt

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

### Í2.8.3.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

### Í2.8.3.2 Forkeppni

Tveir eða fleiri knapar eru á hringvellingum í einu í þessari keppnisgrein. Hestarnir sýna þrjú verkefni eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Hægt tölt.  
Hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Hægt tölt, greinilegur hraðamunur á langhliðum, hægt tölt á skammhliðum.
3. Yfirferðartölt.

### Í2.8.3.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

## Í2.8.4 T4 Töltkkeppni

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

### Í2.8.4.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í annarri töltgrein á sama móti.

### Í2.8.4.2 Forkeppni

Allt að þrír knapar eru á vellinum í einu og ríða eftir fyrirmælum þular. Hestarnir sýna þrjú verkefni samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Keppni hefst upp á þá hönd sem tilgreind er í ráslista.

Verkefni:

1. Tölt á frjálstri ferð.
2. Hægt tölt, jafn og rólegur hraðiHægt er niður á fet og skipt um hönd.
3. Hægt tölt upp í milliferð, þar sem báðir taumar eru teknir í aðra hönd og greinilega sýnt að taumsamband við munn hestsins sé ekki til staðar.  
Einkunnir fyrir þriðja lið verkefnisins eru tvöfaldaðar.

### Í2.8.4.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.5 T5 – Tölt

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.5.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

#### Í2.8.5.2 Forkeppni

Í þessari grein, sem æskilegt er að fari fram á hringvelli, eru allt að 5 knapar á vellinum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem skráð er í ráslista.

Verkefni:

1. Hægt tölt – hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Hraðabreytingar, aukinn hraði á langhliðum, hægt tölt á skammhliðum.

#### Í2.8.5.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæmda verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.6 T6 – Tölt

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.6.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

#### Í2.8.6.2 Forkeppni

Í þessari grein, sem æskilegt er að fram fari á hringvelli eru allt að 5 knapar á hringvellinum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem skráð er í ráslista.

Verkefni:

1. Tölt á frjálsri ferð, hægt niður á fet og skipt um hönd
2. Tölt, hægt og allt að milliferð, á langhliðum er taumur tekinn í aðra hönd og greinilega sýnt að taumsamband við munn hestsins sé ekki til staðar.

#### Í2.8.6.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.7 T7 – Tölt

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.7.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt í öðrum töltgreinum á sama móti.

#### Í2.8.7.2 Forkeppni

Í þessari grein sem æskilegt er að fram fari á hringvelli eru allt að 5 knapar á hringvellingnum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Hægt tölt – hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Frjáls ferð á tölti

#### Í2.8.7.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein 2.3.2.

### Í2.8.8 T8 – Tölt

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.8.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari töltgrein má ekki taka þátt öðrum töltgreinum á sama móti.

#### Í2.8.8.2 Forkeppni

Í þessari grein, sem æskilegt er að fari fram á hringvelli eru allt að 5 knapar á hringvellingnum í einu. Atriði eru sýnd samkvæmt fyrirmælum þular samkvæmt grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Frjáls ferð á tölti – hægt niður á fet og skipt um hönd.
2. Frjáls ferð á tölti

#### Í2.8.8.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið og skipta um hönd samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.9 V-1 Fjórgangur

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

#### Í2.8.9.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.9.2 Forkeppni

Einn keppir í einu. Sýna má greinina upp á hvora hönd sem er.

Knapar hafa fjóra og hálfan hring til umráða til að sýna eftirfarandi gangtegundir í þeirri röð sem þeir sjálfir kjósa:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Yfirferðartölt

Einungis má sýna hverja gangtegund einu sinni, fet skal sýna hálfan hring og aðrar gangtegundir heilan hring.

#### Í2.8.9.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.Röð gangtegunda þessi:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Yfirferðartölt

### Í2.8.10 V2 – fjórgangur

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli.

#### Í2.8.10.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.10.2 Forkeppni:

Allt að þrír knapar eru á hringvellingnum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista

Verkefni:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Yfirferðartölt

#### Í2.8.10.3 Úrslit

Úrslitaknappar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

#### Í2.8.11 V3 – fjórgangur

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli

##### Í2.8.11.1 Leyfilegir hestar

Þar sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

##### Í2.8.11.2 Forkeppni

Allt að fimm knapar eru á hringvellingnum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista

Verkefni:

1. Hægt tölt
2. Hægt- til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Milliferðar- til yfirferðartölt

##### Í2.8.11.3 Úrslit

Úrslitaknappar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.12 V4 – fjórgangur

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.12.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.12.2 Forkeppni

Í þessari keppnisgrein, sem æskilegt er að fari fram á hringvelli eru allt að fimm knapar á hringvellingnum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráðlista.

Verkefni:

1. Meðalfet
2. Frjáls ferð á tölti
3. Gangskipting fet/tölt og tölt/fet, sýnt einn í einu samkvæmt fyrirmælum þular. Hægt niður á fet og skipt um hönd.
4. Brokk, hægt til milliferð
5. Stökk, hægt til milliferð. Skipting á stökk og niðurbægingu af stökki sýna knapar einn og einn í einu samkvæmt fyrirmælum þular.

#### Í2.8.12.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2

#### Í2.8.12.4 Almennar athugasemdir

Þessi grein er hugsuð til að dæma reiðstíl og ásetu knapa frekar en gangtegundir hestsins. Einnig skiptir máli samband manns og hests, nákvæmni við framkvæmd sýningar og hlýðni hests.

Það sem óskað er eftir:

Knapi: Góð áseta, mjúk og næm taumtök, næstum ósýnilegar bendingar. Nákvæm og látlaus framkvæmd æfinga, tillitssemi við aðra keppendur.

Hesturinn skal vera áhugasamur og yfirvegaður á öllum gangtegundum. Góðar hreyfingar, hlýðinn í öllum æfingum. Minni háttar taktgallar hafa einungis lítilháttar áhrif á einkunn svo lengi sem bendingar knapa eru réttar. Hæð fótaborðar hefur ekki áhrif á einkunnagjöf.

### Í2.8.13 V5 – Fjórgangur

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.13.1

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.13.2 Forkeppni:

Í þessari keppnisgrein, sem æskilegt er að fram fari á hringvelli, eru allt að fimm knapar á hringvellingnum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Frjáls ferð á tölti
2. Hægt til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk

#### Í2.8.13.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.14 V6 – Fjörgangur

Æskilegt er að þessi keppnisgrein fari fram á hringvelli.

#### Í2.8.14.1

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.14.2 Forkeppni

Í þessari keppnisgrein, sem æskilegt er að fari fram á hringvelli, eru allt að fimm knapar á hringvellingnum í einu. Hestarnir sýna fjórar gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Þeir hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Frjáls ferð á tölti
2. Hægt til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk. Skipting á stökk og niðurbætur er sýnt af einum knapa í einu eftir fyrirmælum þular.

#### Í2.8.14.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

### Í2.8.15 F1 – Fimmgangur

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli sem skal vera að lágmarki 250m langur.

#### Í2.8.15.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.15.2 Forkeppni

Einn keppir í einu. Sýna má greinina upp á hvora hönd sem er.

Knapinn hefur fjóra og hálfan hring til umráða til að sýna eftirfarandi gangtegundir í þeirri röð sem þeir sjálfir kjósa.

Verkefni:

1. Hægt til milliferðartölt
2. Hægt til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Skeið

Einungis má sýna hverja gangtegund einu sinni, fet skal sýna hálfan hring og aðrar gangtegundir heilan hring.

Skeið skal einungis sýnt á langhliðum.

Einkunnir fyrir tölt og skeið hafa tvöfalt vægi.

#### Í2.8.15.3 Úrslit

Úrslitaknapar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein 2.3.2.

Röð gangtegunda þessi:

1. Hægt til milliferðartölt
2. Hægt til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Skeið

Sýna má skeið þrisvar á langhlið. Meirihluti knapa ákveður með kosningu á hvorri langhlið sýna skal skeið. Falli atkvæði jafnt vegur atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli atkvæði samt sem áður jafnt skal varpa hlutkesti um á hvorri langhlið sýna skuli skeið. Komi

skjaldarmerki upp, skal lagt á skeið á þeirri langhlið sem yfirdómari valdi áður en hann varpaði hlutkestinu.

Einkunnir fyrir tölt og skeið hafa tvöfalt vægi.

### **Í2.8.16 F2 – fimmgangur**

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli sem skal vera að lágmarki 250m langur.

#### **Í2.8.16.1 Leyfilegir hestar**

Þar sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### **Í2.8.16.2 Forkeppni**

Allt að þrír knapar eru á hringvellingnum í einu. Sýndar eru fimm gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Knappar hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Hægt til milliferðartölt
2. Hægt til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Skeið

Sýna má skeið þrisvar á einni langhlið. Meirihluti knapa velur þá langhlið sem skeið skal sýnt á. Geti þeir ekki komið sér saman um langhlið ákveður þular á hvaða langhlið skeiðið skuli sýnt. Einkunnir fyrir tölt og skeið hafa tvöfalt vægi.

#### **Í2.8.16.3 Úrslit**

Úrslitaknappar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

Röð gangtegunda er þannig:

1. Hægt til milliferðar tölt
2. Hægt til milliferðar brokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðar stökk
5. Skeið

Sýna má skeið þrisvar á langhlið. Meirihluti knapa ákveður með kosningu á hvorri langhlið sýna skal skeið, falli atkvæði jafnt vegur atkvæði efsta knapa úr forkeppni tvöfalt. Falli

atkvæðin samt sem áður jafnt skal yfirdómari varpa hlutkesti um upp á á hvorri langhliðinni skeiðið skuli riðið.

### Í2.8.17 F3 - Five Gait

Þessi keppnisgrein fer fram á hringvelli sem skal vera að lágmarki 250m langur.

#### Í2.8.17.1 Leyfilegir hestar

Par sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

#### Í2.8.17.2 Forkeppni

Allt að þrír knapar eru á hringvellingnum í einu. Sýndar eru fimm gangtegundir eftir fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2. Knappar hefja keppni upp á þá hönd sem þeir eru skráðir í ráslista.

Verkefni:

1. Hægt til milliferðartölt
2. Hægt til milliferðarbrokk
3. Meðalfet
4. Hægt til milliferðarstökk
5. Skeið

Sýna má skeið tvisvar á langhlið. Meirihluti knapa ákveður með kosningu á hvorri langhlið sýna skal skeið. Falli atkvæði jafnt ákveður þular á hvorri langhlið sýna skal skeið. Til að par fái einkunn fyrir skeið skal það sýnt a.m.k. hálfa langhlið.

Einkunn fyrir skeið hefur tvöfalt vægi og deilt skal í lokaekunn með 6.

#### Í2.8.17.3 Úrslit

Úrslitaknappar framkvæma verkefnið samkvæmt fyrirmælum þular í samræmi við grein Í2.3.2.

Sýna má skeið tvisvar á langhlið. Meirihluti knapa ákveður með kosningu á hvorri langhlið sýna skal skeið. Falli atkvæði jafnt ákveður þular á hvorri langhlið sýna skal skeið. Til að par fái einkunn fyrir skeið skal það sýnt a.m.k. hálfa langhlið.

Einkunn fyrir skeið hefur tvöfalt vægi og deilt skal í lokaekunn með 6.

## Í3 Skeiðvallargreinar

### Í3.1 Búnaður

Leyfilegt er að breyta um reiðbúnað milli spretta í öllum skeiðvallargreinum. Pískar eru ekki leyfðir í P1 (250m. skeið) og P3 (150m skeið).

### Í3.2 Dómarar

Kynbótadómarar með FEIF réttindi (samkvæmt heimasíðu FEIF) eða gæðingadómarar (samkvæmt heimasíðu LH) mega vera hlaupagæslumenn í skeiðgreinum. A licensed FEIF Breeding (as listed on the FEIF website) or Gæðingakeppni judge (as listed on the Landssamband hestamannafélaga website) may be employed in any required position for pace track tests where the duties are limited to showing a flag to indicate whether a horse is in pace or not.

### Í3.3 Tímavarsla

Einungis sýnileg merki en ekki hljóðmerki eru gild í tímatöku. Notkun rafrænnar tímatöku er skylda á WorldRanking mótum og mælt með því á öðrum mótum.

Búnaður og uppsetning hans skal samþykktur af yfirdómara á hverju móti. Þegar rásbásar eru notaðir skal tímataka hefjast þegar dyrnar að framan byrja að opnast (þ.e. sjálfvirkur tímatökubúnaður skal vera tengdur við opnunarkerfi rásbásanna).

*Handvirk tímavarsla (eins og henni er líst hér að neðan) getur verið framkvæmd til vara við rafræna tímatöku. Ef rafrænn tímatökubúnaður bilar verða mótshaldarar að notast við annan búnað – handvirkan eða rafrænan. Tímar sem hafa áunnist áður en búnaður bilar eru gildir. Aldrei skal heimila knapa að taka fleiri en einn aukaspött til að öðlast gildan tíma.*

### Reglur um handvirka tímavörslu

Þegar tími er ekki mældur með rafrænni tímatöku, skal taka tíma á hverjum knapa með þremur klukkum. Gildur tími er meðaltal þeirra tveggja klukkna sem næst eru hver annarri. Ef sama bil er á milli allra þriggja klukkanna er tekið meðaltal þeirra allra þriggja. Meðaltíminn er alltaf gefinn upp með tveimur aukastöfum, rúnnað af eftir venjulegum stærðfræðireglum. Hið sama gildir um einkunnir sem gefnar eru út frá tímum.

Einn dómari á marklínu ber ábyrgð á tímavörðum. Hann ber ábyrgð á:

- Að vinnuaðstaða tímavarða sé viðunandi, án hávaða og utanaðkomandi truflunar.
- Að gefa skýr fyrirmæli um það hver eigi að taka tíma á hvaða hesti.
- Að leyfa start þegar tímaverðir eru tilbúnir.

Dómarar á marklínu mega ekki vera tímaverðir.

Til að gera tíma samanburðarhæfa á milli móta skal bæta 0.40 sekúndum við handvirkt tekna tíma áður en þeir eru gefnir upp og einkunnir reiknaðar út frá þeim.

### Í3.4 Einkunnagjöf í kappreiðum

Í kappreiðum þar sem eru fleiri en einn sprettur skal gefin einkunn fyrir besta tímann. Einkunnirnar byggjast á skráðum tíma hestsins, sem byggjast á viðeigandi breytingu tíma í einkunn, með tveimur aukastöfum. Séu tímar jafnir er sætaröðun ákvörðuð út frá öðrum besta tíma hestsins og svo koll af kolli. Séu efstu hestar með alla tíma jafna skulu þeir hlaupa aukaspött og dómarar sýna lokaröðun.

Fatist hesti á skeiði frá 50 metra marki, fram að marklínu er það hlaup ógilt og telur ekki til einkunnar.

### Í3.5 Met

Til að fá met tíma samþykktan af FEIF og LH þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Völlurinn þarf að uppfylla öll skilyrði sem nefnd eru í lögum og reglum FEIF og LH.
- Nota skal rásbása í P1 og P3.
- Tími skal mældur með rafrænum tímatökubúnaði.
- Í P1 og P3 skal tímataka hefjast þegar dyr að framan byrja að opnast.
- Í P1 og P3 skal vera myndatökubúnaður í endamarki tengdur við tímatökubúnað sem getur greint milli knapa.
- Vindur í hlaupaátt, við brautina má ekki fara yfir 5,4 metra á sekúndu á meðan á hlaupi stendur og skal mældur með vindmæli sem staðsettur við hlið brautar, sem uppfyllir reglur Íþróttanefndar FEIF (FEIF Sport Committee).

Knapinn verður að hafa farið að öllum kappreiðareglum.

## Í3.6 Lýsing á keppnisgreinum

### Í3.6.1 P1 – Skeiðkappreiðar 250 m

Þessi grein fer fram á skeiðvelli í tveimur eða fleiri umferðum.

#### Í3.6.1.1 Löglegir hestar (Eligible Horses)

Par sem keppir í þessari keppnisgrein má ekki keppa í P3 á sama móti.

#### Í3.6.1.2 Rásbásar

Þegar rásbásar eru notaðir skulu þeir uppfylla kröfur settar og gefnar út af sportnefnd FEIF. Kröfurnar fela í sér skilgreiningar á ráslínu og hvernig rafrænn tímatökubúnaður er tengdur rásbásam.

#### Í3.6.1.3 Hætt við þátttöku í spretti

Vilji knapi hætta við þátttöku í spretti, skal hann tilkynna það til stjórnstöðvar innan 10 mínútna eftir að síðasta riðlifyrri umferðar líkur á viðkomandi degi.

Eftir það er einungis heimilt að draga hest til baka úr riðli hafi hann eða knapi verið dæmdur óhæfur til keppni af dýralækni eða lækni. Að öðrum kosti er parið dæmt úr leik í viðkomandi keppnisgrein.

#### Í3.6.1.4 Rásröð

Fyrir fyrstu umferð er dregið í riðla af handahófi. Í öllum öðrum umferðum er hestum raðað í riðla eftir tímum í sprettunum á undan þannig að hestar með nálæga tíma hlaupa saman. Þetta þýðir að hestarnir með slökustu tímana eru í fyrsta riðlinum, hestarnir með næstslökustu tímana í næsta riðli og svo koll af kolli. Ef ekki er hægt að hafa alla riðlana jafnstóra eru settir færri hestar í fyrsta riðilinn [þar sem hestarnir með slökustu tímana hlaupa], ef nauðsyn krefur jafnvel einn. Ef einhverjir hestar eru án tíma er þeim raðað í riðla af handahófi.

#### Í3.6.1.5 Ræsing

Allt að fjórir hestar mæta til ræsingar. Knapar eru auðkenndir með mismunandi litum (blár, gulur og 2 litir til viðbótar ef þörf er á). Hver knapi má hafa tvo aðstoðarmenn. Aðstoðarmenn skulu bera viðurkennda hjálma og engir pískar eru ekki leyfðir.

Ef ágreiningur er um ræsingu í fyrstu umferð, skal knapi merkur bláu vera á vinstri braut (séð frá ráslínu/startbásam að enda brautar) og knapi merktur gulu skal vera á hægri braut. Þessi regla skal eiga við í öllum síðari sprettum þegar hestar hafa ekki gilda spretti/tíma, eða hestar hafa sama tíma.

Í síðari umferðum (umferðum 2 til 4) skal knapi með besta tímann í fyrri riðli ákveða áður en knapar úr þeim riðli eru kallaðir í startbása (eða á ráslínu), í hvaða startbás (eða hvar af ráslínu) hann vill ræsast, engar breytingar eru leyfðar eftir að riðill hefur verið kallaður fram.

Hafi ræsing ekki tekist eftir 10 mínútur skal hesturinn sem veldur töfinni færa sig nokkur skref til baka. Hafi ræsing ekki tekist 5 mínútum síðar vegna sama hests skal sá hestur útilokaður úr þeirri umferð. Áður en hlaup hefst, skal dómari sem ber ábyrgð á tímavörslu tilkynna að braut sé auð og tímataka klár. Dómari, staðsettur fyrir aftan ráslínu, skal gefa til kynna hvenær hlaup getur hafist. Við merki ræsis, ríða knapar að 50 metra skiptilínu á gangtegund að eigin vali. Þaðan og til loka hlaups skal hesturinn vera á skeiði. Ýmist eru tvær eða fjórar umferðir samtals en aldrei fleiri en tvær umferðir á dag.

Við ræsingu skal hafa eins lítinn hávaða og mögulegt. Hestar skulu standa rólegir á ráslínu, beinir og vísa í átt að marklínu. Heimilt er að hestar séu staðsettir með öðrum hætti á ráslínu, (t.d. standi þversum) en í þeim tilvikum skal knapi láta aðra knapa í sama ráshópi vita og ræsir heimila slíkt. Hafi hestur verið truflaður eða hindraður í ræsingu og geti ekki hafið hlaup af þeim ástæðum getur ræsir leyft honum að hlaupa einum. Þetta telst ekki vera röng ræsing. Um leið og allir hestar standa kyrrir og stefna í átt að marklínu, má framkvæma ræsingu. Ræsir skal standa á einhvers konar upphækkun u.þ.b. 3 metra utan við völlinn og einn til tvo metra framan við knapana. Hann gefur sýnilegt merki (helst tvílitt flagg).

Ekki skal gefa hljóð/radd merki.

Þýðing merkjanna er eftirfarandi:

- Flaggi lyft: Verið viðbúnir, ræsing getur orðið hvenær sem er.
- Flagg sett niður: Hefjið keppni.

### Í3.6.1.6 Ræsing með rásbásunum eða sjálfvirkri ræsingarvél

Þegar rásbásar eða sjálfvirk ræsingarvél er notuð fá knapar 2 mínútur til að koma hestum sínum inn í rásbásana. Innan 30 sekúndna eftir að síðasti hestur er kominn inn í sinn rásbás skal ræsa. Hafi knapa ekki tekist þetta innan þessara tímamarka er hann dæmdur úr viðkomandi umferð.

Rásbásarnir skulu vera lokaðir að framan þegar knapar koma hestum sínum inn í rásbásana og allir knapar skulu leitast við að koma hestum sínum í rásbásana á nákvæmlega sama tíma. Óski knapi eftir undantekningu þannig að rásbásarnir séu opnir að framan meðan hann kemur hesti sínum í rásbás, skal það heimilað, gegn því skilyrði að sá knapi sem óskar eftir þessu skuli vera fyrstur til að koma hesti sínum inn í rásbás. Hinn knapinn getur kosið að bíða, en skal strax og fyrri knapinn hefur komið hesti sínum inn í rásbásana byrja að koma sínum hesti inn í rásbásinn innan leyfilegra tímamarka.

Sama skal eiga við ef teyma þarf hest inn í rásbás. Rásbásarnir skulu vera lokaðir að framan og aftan fyrir ræsing.

Aðstoðarmenn verða að standa með að minnsta kosti annan fótinn á jörðu, án undantekninga og mega ekki þvinga hestinn inn í rásbásana. Fari aðstoðarmenn ekki að reglum er knapi dæmdur úr leik í viðkomandi hlaupi. Aðstoðarmenn rásbása sem sjá um að loka og opna rásbásunum mega ekki aðstoða við að koma hestum inn í rásbásana, nema til að loka hurðum rásbásanna.

Einn aukadómari er staðsettur fyrir aftan ráslínu til að leiðbeina og fylgjast með framkvæmd ræsingar.

Ekki skal gefa hljóð/raddmerki.

#### Í3.6.1.7 Dómarar

Níu dómarar skulu dæma þessa keppnisgrein.

Á WorldRanking mótum skulu vera að lágmarki 5 dómarar. Nota má hlaupagæslumenn í aðrar stöður.

Hlaupagæslumenn skulu hljóta nauðsynlega þjálfun frá [ ]. [e. Pace assistants should be properly trained and approved by their national association]:

- Einn dómarar stendur á ráslínu.
- Annar og þriðji dómarar, eða einn dómarar og einn hlaupagæslumaður standa á 50 m skiptilínu, sitt hvoru megin vallar.
- Fjórði dómarar eða hlaupagæslumaður stendur á milli 50 m og 100 m skiptilínu.
- Fimmti dómarar eða hlaupagæslumaður stendur á milli 100 m og 150 m skiptilínu.
- Sjötti dómarar eða hlaupagæslumaður stendur á milli 150 m og 200 m skiptilínu.
- Sjöundi dómararinn eða hlaupagæslumaður stendur á milli 200 m og 250 m skiptilínu.
- Áttundi og níundi dómarar, eða einn dómarar og einn hlaupagæslumaður standa á marklínu, sitt hvoru megin vallar.

Þegar rásbásar eru notaðir þarf einn dómara eða hlaupagæslumann sem leiðbeinir um framkvæmd ræsingar fyrir aftan ráslínu. Dómarar eða hlaupagæslumenn hafa lituð flögg í sama lit og knapar. Sé hestur dæmdur uppi af skeiðinu er sýnt flagg í viðeigandi lit, sé hlaupið dæmt gilt er hvítt flagg sýnt. Einnig skal heimilt að dómarar og hlaupagæslumenn hafi rauð og græn flögg. Samkvæmt fyrirmælum þular skulu dómarar sem eru staðsettir 50 m til 250 m frá ráslínu sýna grænt flagg, og gefa þannig til kynna að hesturinn hafi verið á skeiði á þeirra hluta. Dómarar sýna rautt flagg ef hestur var ekki á skeiði á þeirra hluta. Eitt rautt flagg þýðir að viðkomandi hlaup er ógilt.

#### Í3.6.1.8 Knappar

Unnt þarf að vera að þekkja knapa auðveldlega í sundur.

Virk fótþvatning er leyfð í kappreiðunum. Allar hvatningar sem truflað geta aðra þátttakendur í sprettinum eru bannaðar. Trufli knapi annan eða aðra knapa í spretti, telst tími hans ekki gildur. Hestar í næsta riðli skulu standa a.m.k. 30 metrum fyrir aftan marklínu.

Yfirdómarar getur leyft hesti sem orðið hefur fyrir truflun að hlaupa aftur einum, sé farið fram á slíkt.

### Í3.6.1.9 Rafræn tímataka

Geti rafræni tímatökubúnaðurinn ekki mælt tíma á hestinum í öðru sæti, skal nota neðangreinda töflu til að reikna tíma byggt á tíma hestsins í fyrsta sæti og fjarlægðar hestsins frá marklínu.

| Lokatími    | 0,5m <sup>3</sup> | 1,0 <sup>4</sup> | 1,5 <sup>5</sup> | 2,0m | 2,5m | 3,0m |
|-------------|-------------------|------------------|------------------|------|------|------|
| 21.0 – 22.9 | 0.04              | 0.08             | 0.12             | 0.16 | 0.20 | 0.24 |
| 23.0 – 24.9 | 0.05              | 0.09             | 0.14             | 0.18 | 0.23 | 0.27 |
| 25.0 – 26.9 | 0.05              | 0.10             | 0.15             | 0.20 | 0.25 | 0.30 |
| 27.0 – 28.9 | 0.06              | 0.11             | 0.17             | 0.22 | 0.28 | 0.33 |
| 29.0 – 31.0 | 0.05              | 0.12             | 0.18             | 0.24 | 0.30 | 0.36 |

### Í3.6.1.10 Einkunnir

Einkunnir fyrir alla tíma er reiknaðar með eftirfarandi jöfnu:

$$(32.50 - t) / 1.25$$

þar sem  $t$  = tími fljótasta spretts með viðeigandi mörgum aukastöfum

Einkunnir geta ekki orðið hærri en 10.00 eða lægri en 0.00.

Afrúnnun einkunna er gerð í samræmi við þær reglur sem lýst er í grein Í2.2.

<sup>3</sup> U.m.p. lengd höfuðs. Approximately the length of the head.

<sup>4</sup> U.p.b. lengd höfuðs og háls. Approximately the length of the head and neck.

<sup>5</sup> U.p.b. hálf hestlengd. Approximately half a horse length.

### Í3.6.2 P2 – Skeið: 100 m skeið með fljótandi ræsing

Þessi grein fer fram á skeiðvelli, þar sem er a.m.k. 50 m kafli áður en komið er að 100 m tímatökukafli.

#### Í3.6.2.1 Ræsing

Einn hestur í einu fer að rásmarki. Við merki ræsis ríða knapar að 50 m skiptilínu á gangtegun að eigin vali. Þegar riðið er yfir 50 m skiptilínuna hefst tímataka með sýnilegu merki. Þaðan og til marklínu skal hestur vera á skeiði. Riðnir eru tveir sprettir.

#### Í3.6.2.2 Rásröð

Fyrir fyrstu umferð er rásröð dregin af handahófi. Í annarri umferð er hægt að notast við sömu rásröð og í fyrsta spretti, eða ákveða rásröð eftir árangri í fyrstu umferð. Í síðara tilvikinu skal hesturinn/hestarnir með slakastan tíma byrjar fyrstur/fyrstir. Áður en fyrsta umferð hefst, skal kynna í rálista hvora aðferðina til að ákvarða rásröð í öðrum spretti verður notuð.

#### Í3.6.2.3 Dómarar

- Fjórir dómarar skulu dæma þessa keppnisgrein. Dómari 1 er á ráslínu:
- Dómari 2 er á milli 0 m og 50 m skiptilínu:
- Dómari 3 er á milli 50 m og 100 m skiptilínu:
- Dómari 4 er á marklínu:

Dómarar sýna græn flögg ef hestur var á skeiði á þeirra hluta. Dómarar sýna rautt flagg ef hestur var ekki á skeiði á þeirra hluta. Eitt rautt flagg þýðir að viðkomandi hlaup er ógilt.

#### Í3.6.2.4 Einkunnagjöf

Besti tíminn gildir til einkunnar. Séu tímar jafnir er það næst besti tími hests sem raðar í sæti o.s.frv. Stökkvi hestur upp af skeiði á milli 50 m skiptilínu og marklínu telur viðkomandi sprettur ekki til einkunnar.

Íslensk sérregla: Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

#### Í3.6.2.5 Búnaður (Equipment)

Heimilt er að nota písk af löglegri gerð. The use of an approved whip is allowed.

#### Í3.6.2.6 Knapar

Sjá P1 – 250 m skeiðkappreiðar.

#### Í3.6.2.7 Einkunnir

Einkunnir fyrir tíma er reiknaðar með eftirfarandi jöfnu:

$$(12.00 - t) / 0.60$$

*þar sem t = tími hraðasta spretts með viðeigandi mörgum aukastöfum.*

Einkunnir geta ekki orðið hærri en 10,00 eða lægri en 0.00.

Afrúnnun einkunna er framkvæmd eftir þeim reglum sem lýst í grein Í2.2.

### Í3.6.3 P3 – Skeiðkappreiðar 150 m

Þessi grein er framkvæmd á sama hátt og P1 – 250 m skeiðkappreiðar, að undanskildu því sem fram kemur hér að neðan.

#### Í3.6.3.1 Löglegir hestar

Par sem keppir í þessari keppnisgrein má ekki keppa í P1 á sama móti.

#### Í3.6.3.2 Dómarar

Sjö dómarar skulu dæma þessa keppnisgrein.

Á WorldRanking mótum skulu vera að lágmarki 5 dómarar. Nota má hlaupagæslumenn í aðrar stöður.

Hlaupagæslumenn skulu hljóta nauðsynlega þjálfum frá [ ]. Pace assistants should be properly trained and approved by their national association:

- Einn dómari stendur á ráslínu.
- Annar og þriðji dómari, eða einn dómari og einn hlaupagæslumaður standa á 50 m skiptilínu, sitt hvoru megin vallar.
- Fjórði dómari eða hlaupagæslumaður stendur á milli 50 m og 100 m skiptilínu.
- Fimmti dómari eða hlaupagæslumaður stendur á milli 100 m og 150 m skiptilínu.
- Sjötti og sjöundu dómarar eða einn dómari og hlaupagæslumaður standa á marklínu, sitt hvoru megin vallar.

Þegar rásbásar eru notaðir þarf einn dómara eða hlaupagæslumann sem leiðbeinir um framkvæmd ræsingar fyrir aftan ráslínu. Dómarar eða hlaupagæslumenn hafa lituð flögg í sama lit og knapar. Sé hestur dæmdur uppi af skeiðinu er sýnt flagg í sama lit og viðeigandi knapalit, sé hlaupið dæmt gilt er hvítt flagg sýnt. Einnig skal heimilt að dómarar og hlaupagæslumenn hafi rauð og græn flögg. Samkvæmt fyrirmælum þular skulu dómarar sem eru staðsettir 50 m til 250 m frá ráslínu sýna grænt eða rautt flagg, og gefa þannig til kynna að hesturinn hafi verið á skeiði á þeirra hluta. Dómarar sýna rautt flagg ef hestur var ekki á skeiði á þeirra hluta. Eitt rautt flagg þýðir að viðkomandi hlaup er ógilt.

#### Í3.6.3.3 Rafræn tímataka

Geti rafræni tímatökubúnaðurinn ekki mælt tíma á hestinum í öðru sæti, skal nota neðangreinda töflu til að reikna tíma byggt á tíma hestsins í fyrsta sæti og fjarlægðar hestsins frá marklínu.

| Lokatími    | 0.5m <sup>6</sup> | 1.0m <sup>7</sup> | 1.5m <sup>8</sup> | 2.0  | 2.5m | 3.0m |
|-------------|-------------------|-------------------|-------------------|------|------|------|
| 13.5 – 14.4 | 0.04              | 0.08              | 0.12              | 0.16 | 0.20 | 0.24 |

<sup>6</sup> U.p.b. lengd höfuðs. Approximately the length of the head.

<sup>7</sup> U.p.b. lengd höfuðs og háls. Approximately the length of the head and neck.

<sup>8</sup> U.p.b. hálf hestlengd. Approximately half a horse length.

|             |      |      |      |      |      |      |
|-------------|------|------|------|------|------|------|
| 14.5 – 15.4 | 0.05 | 0.09 | 0.14 | 0.18 | 0.23 | 0.27 |
| 15.5 – 16.4 | 0.05 | 0.10 | 0.15 | 0.20 | 0.25 | 0.30 |
| 16.5 – 17.4 | 0.06 | 0.11 | 0.17 | 0.22 | 0.28 | 0.33 |
| 17.5 – 18.9 | 0.06 | 0.12 | 0.18 | 0.24 | 0.30 | 0.36 |
| 19.0 – 20.9 | 0.07 | 0.13 | 0.20 | 0.26 | 0.33 | 0.39 |
| 21.0 – 23.0 | 0.07 | 0.14 | 0.21 | 0.28 | 0.35 | 0.42 |

#### Í3.6.3.4 Einkunnir

Einkunnir fyrir tíma eru reiknaðar með eftirfarandi jöfnu:

$$22.00 - t$$

þar sem  $t$  = besti tími með viðeigandi mörgum aukastöfum

Einkunnir geta ekki verið hærri en 10,00 eða lægri en 0.00.

Afrúnnun einkunna er framkvæmd eftir þeim reglum sem lýst í grein Í2.2.

### Í3.6.4 PP1 – Gæðingaskeið

#### Í3.6.4.1 Löglegir hestar

Par sem keppir í þessari keppnisgrein má ekki keppa í PP2 eða PP3 á sama móti.

#### Í3.6.4.2 Völlur

Þessi grein fer fram á velli sem uppfyllir skilyrði fyrir gæðingaskeið. Vinsamlegast skoðið teikningu að keppnisvelli í Í17.8.

#### Í3.6.4.3 Rásröð

Rásröð er dregin af handahófi fyrir fyrri sprett. Rásröð er sú sama í fyrri og seinni spretti.

#### Í3.6.4.4 Ræsing

Um leið og rásflaggi er lyft, skal hestur fara af stað á feti, brokki eða tölti, í góðu jafnvægi að trektinni. Hestur telst vera kominn yfir í nýjan kafla, þegar fremsti partur hestsins fer yfir skiptilínu á milli tveggja kafla. Þegar hesturinn er kominn inn í trektina, skal hann skipta yfir á stökk af feti, tölti eða brokki. Til að fá háar einkunnir, skal hesturinn framkvæma verkefnið eins og því er lýst að framan og stökkva á kraftmiklu stökki í gegnum alla 25m trektina áður en hesturinn er tekinn niður á skeið.

Á milli 25 m skiptilínu og 50 m ráslínu (byrjun tímatökukafla) skal tekið niður á skeið. Þegar farið er yfir 50 m ráslínuna hefst tímataka við sýnilegt merki. Á milli 150 m skiptilínu (endir tímatökukafla) og 200 m marklínu þ.e. á niðurræsingarkafli skal hesturinn hægður niður á tölt, brokk eða fet. Til að fá háar einkunnir þarf hesturinn að vera kominn niður á fet fyrir 200 m marklínu.

Við upphaf vallarins (að 25 metra skiptilínunni) skal vera greinilega afmörkuð trekt eins og sjá má á teikningu í grein Í17.8.

Meðaltal einkunna tveggja spretta ræður sætaröðun. Séu fleiri en einn með jafnar einkunnir ráða einkunnir dómara sætaröðun. Séu einkunnir í fyrsta sæti jafnar er riðinn einn aukasperttur.

#### Í3.6.4.5 Dómarar

- Sex dómarar skulu dæma þessa keppnisgrein. Þeir dæma með opnum spjaldadómum frá 0-10 í heilum og hálfum tölum. Fyrsti dómari dæmir stökkskiptingu og niðurtöku á skeið.
- Annar dómari dæmir skeið á milli 50 m og 100 m skiptilínu.
- Þriðji dómari dæmir skeið á milli 100 m og 150 m skiptilínu.
- Fjórði dómari dæmir niðurrægingu frá 150 m skiptilínu til enda brautar við 200 m marklínu. Ræsir (sem skal vera dómari) stendur á 50 m skiptilínu og gefur greinilegt merki með flaggi til þriggja tímavarða sem eru staðsettir á 150 m skiptilínu þegar hestur

kemur inn á tímatökukafla á 50 m skiptilínu. Ræsir gefur einnig til merki með rauðu flaggi sé hesturinn ekki á skeiði á 50 m skiptilínu.

- Á 150 m skiptilínu er staðsettur einn dómari sem gefur merki með rauðu flaggi hafi hestur ekki verið á skeiði þegar hann fór yfir 150 m skiptilínuna.

Dómarar skulu staðsetja sig þannig að þeir hafi besta mögulega yfirsýn yfir sitt dómsvæði. Þegar hesturinn hefur farið í gegnum viðkomandi kafla, sýna dómarar eitt til fjögur einkunnir sínar. Ef hestur stekkur upp af skeiði á tímatökukaflanum sýnir viðkomandi dómari(dómarar) rautt flagg og skal þá ekki gefa einkunn fyrir tíma.

Hæst er hægt að fá 40 stig fyrir stíl og að hámarki 20 stig fyrir tíma í samræmi við einkunnatöflur. Deilt er í lokasummu með 6.

#### Í3.6.4.6 Tilkynning einkunna

Í gæðingaskeiði skal þulur lesa upp einkunnir og tíma parsins, í samræmi við röð dómara. Lesa skal upp tíma parsins áður en einkunn fyrir niðurbætur er lesin upp.

#### Í3.6.4.7 Enginn tími

Ef hestur fær 0 frá öðrum eða þriðja dómara og/eða rautt flagg frá ræsi eða dómara á marklínu er ekki gefin einkunn fyrir tíma.

Íslensk sérregla: Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

#### Í3.6.4.8 Einkunnatafla

Reikna skal út einkunnir fyrir tíma í sekúndum samkvæmt eftirfarandi töflu.

| Sek. | Einkunn | Sek. | Einkunn | Sek. | Einkunn |
|------|---------|------|---------|------|---------|
| <8,0 | 20,0    | 9,3  | 13,5    | 10,8 | 6,0     |
| 8,1  | 19,5    | 9,4  | 13,0    | 10,9 | 5,5     |
| 8,2  | 19,0    | 9,5  | 12,5    | 11,0 | 5,0     |
| 8,3  | 18,5    | 9,6  | 12,0    | 11,1 | 4,5     |
| 8,4  | 18,0    | 9,7  | 11,5    | 11,2 | 4,0     |
| 8,5  | 17,5    | 9,8  | 11,0    | 11,3 | 3,5     |
| 8,6  | 17,0    | 9,9  | 10,5    | 11,4 | 3,0     |
| 8,7  | 16,5    | 10,0 | 10,0    | 11,5 | 2,5     |
| 8,8  | 16,0    | 10,1 | 9,5     | 11,6 | 2,0     |
| 8,9  | 15,5    | 10,2 | 9,0     | 11,7 | 1,5     |
| 9,0  | 15,0    | 10,3 | 8,5     | 11,8 | 1,0     |
| 9,1  | 14,5    | 10,4 | 8,0     | 11,9 | 0,5     |

## Í – Reglur um íþróttakeppni

|     |      |      |     |                |     |
|-----|------|------|-----|----------------|-----|
| 9,2 | 14,0 | 10,5 | 7,5 | 12,0 eða hægar | 0,0 |
|     |      | 10,6 | 7,0 |                |     |
|     |      | 10,7 | 6,5 |                |     |

### Í3.6.5 PP2 - Gæðingaskeið

#### Í3.6.5.1 Löglegir hestar

Par sem keppir í þessari keppnisgrein má ekki keppa í PP1 eða PP3 á sama móti.

#### Í3.6.5.2 Völlur

Þessi grein fer fram á velli sem uppfyllir skilyrði fyrir gæðingaskeið. Vinsamlegast skoðið teikningu af keppnisvelli í Í17.8.

#### Í3.6.5.3 Rásröð

Fyrir fyrstu umferð er röð keppenda dregin. Rásröð er síðan hin sama í öðrum spretti.

#### Í3.6.5.4 Ræsing

Um leið og rásflaggi er lyft fer hesturinn af stað á feti, brokki eða tölti í góðu jafnvægi að trektinni. Hestur telst vera kominn yfir í nýjan kafla, þegar fremsti partur hestsins fer yfir skiptilínu á milli tveggja kafla. Þegar hesturinn er kominn inn í trektina, skal hann skipta yfir á stökk af feti, tölti eða brokki. Til að fá háar einkunnir, skal hesturinn framkvæma verkefnið eins og því er lýst að framan og stökkva á kraftmiklu stökki í gegnum alla 25 m trektina áður en hesturinn er tekinn niður á skeið.

Á milli 25 m skiptilínu og 50 m ráslínu (byrjunb tímatöku) skal tekið niður á skeið. Þegar farið er yfir 50m ráslínuna hefst tímataka við sýnilegt merki. Á milli 150 m skiptilínu (endir tímatökukafla) og fyrir lok 200 m marklínu (þ.e. á niðurbæturkafla) skal hesturinn hægður niður á tölt, brokk eða fet. Til að fá háar einkunnir þarf hesturinn að vera kominn niður á fet fyrir 200 m marklínu.

Við upphaf vallarins (að 25 metra skiptilínunni) skal vera greinilega afmörkuð trekt eins og sjá má á teikningu í viðauka.

Heimilt er að fara tvo spretti (jafnvel þó gefið hafi verið rautt spjald í fyrri spretti). Meðaltal einkunna úr báðum sprettum ákveður úrslit. Meðaltal einkunna tveggja spretta ræður sætaröðun. Séu fleiri en einn með jafnar einkunnir í fyrsta sæti ráða einkunnir dómara sætaröðun. Séu einkunnir í fyrsta sæti jafnar er riðinn einn aukasprettur.

#### Í3.6.5.5 Dómarar

Sex dómarar skulu dæma þessa keppnisgrein. Þeir dæma með opnum spjaldadómum frá 0-10 í heilum og hálfum tölum.

- Fyrsti dómari gefur einkunn fyrir stökkskiptingu og niðurtöku á skeið:
- Annar dómari dæmir skeið á milli 50 m og 100 m skiptilínu:
- Þriðji dómari dæmir skeið á milli 100 m og 150 m skiptilínu:

- Fjórði dómari dæmir niðurrægingu frá 150 m marklínu til enda vallar við 200 m endalínu:
- Ræsir (sem skal vera dómari) stendur á 50 m skiptilínunni og gefur greinilegt merki með flaggi til þriggja tímavarða sem eru staðsettir á 150 m skiptilínu þegar hestur kemur inná tímatökukafla á 50 m skiptilínu. Ræsir gefur einnig til merki með rauðu flaggi sé hesturinn ekki á skeiði á 50 m skiptilínu:
- Á 150 m marklínu er staðsettur einn dómari sem gefur merki með rauðu flaggi hafi hestur ekki verið á skeiði þegar hann fór yfir 150 m marklínuna.

Dómarar velja staðsetningu sína með tilliti til þess að hafa sem besta yfirsýn yfir sitt dómsvæði. Þegar hestur er kominn út af hans svæði, sýna dómarar eitt til fjögur einkunnir sínar. Stökkvi hestur upp á tímatökusvæði sýnir viðkomandi dómari rautt flagg og hestur fær enga einkunn fyrir tíma. Hæst er hægt að fá 40 stig fyrir stíl og að hámarki 10 stig fyrir tíma í samræmi við einkunnatöflur. Deilt er í lokasummu með 5.

### Í3.6.5.6 Tilkynning einkunna

Í gæðingaskeiði skal þulur lesa upp einkunnir og tíma parsins í samræmi við röð dómara. Lesa skal upp tíma parsis áður en einkunn fyrir niðurrægingu er lesin upp.

### Í3.6.5.7 Einkunnir

Fái hestur 0 frá dómara 2 eða 3 og/eða rautt flagg frá ræsi eða dómara á marklínu, fær hann ekki einkunn fyrir tíma.

### Í3.6.5.8 Einkunnatafla

Reikna skal út einkunnir fyrir tíma í sekúndum samkvæmt eftirfarandi töflu

| Sek.           | Einkunn | Sek. | Einkunn | Sek. | Einkunn |
|----------------|---------|------|---------|------|---------|
| 9,0 eða hraðar | 10,00   | 10,4 | 6,50    | 11,8 | 3,00    |
| 9,1            | 9,75    | 10,5 | 6,25    | 11,9 | 2,75    |
| 9,2            | 9,50    | 10,6 | 6,00    | 12,0 | 2,50    |
| 9,3            | 9,25    | 10,7 | 5,75    | 12,1 | 2,25    |
| 9,4            | 9,00    | 10,8 | 5,50    | 12,2 | 2,00    |
| 9,5            | 8,75    | 10,9 | 5,25    | 12,3 | 1,75    |
| 9,6            | 8,50    | 11,0 | 5,00    | 12,4 | 1,50    |
| 9,7            | 8,25    | 11,1 | 4,75    | 12,5 | 1,25    |
| 9,8            | 8,00    | 11,2 | 4,50    | 12,6 | 1,00    |
| 9,9            | 7,75    | 11,3 | 4,25    | 12,7 | 0,75    |

## Í – Reglur um íþróttakeppni

|      |      |      |      |                   |      |
|------|------|------|------|-------------------|------|
| 10,0 | 7,50 | 11,4 | 4,00 | 12,8              | 0,50 |
| 10,1 | 7,25 | 11,5 | 3,75 | 12,9              | 0,25 |
| 10,2 | 7,00 | 11,6 | 3,50 | 13,0 eða<br>hægar | 0,0  |
| 10,3 | 6,75 | 11,7 | 3,25 |                   |      |

### Í3.6.6 PP3 Easy Pace Test

#### Í3.6.6.1 Löglegir hestar

Þar sem tekur þátt í þessari grein má ekki taka þátt í PP1 eða PP2 á sama móti.

#### Í3.6.6.2 Völlur

Þessi grein fer fram á velli sem uppfyllir skilyrði fyrir gæðingaskeið, en völlur skal vera án trektar. Vinsamlegast skoðið teikningu að velli fyrir PP1/PP2 í grein Í17.8.

#### Í3.6.6.3 Rásröð

Rásröð er dregin af handahófi fyrir fyrri spretti. Rásröð er sú sama í fyrri og seinni spretti.

#### Í3.6.6.4 Ræsing

Um leið og þulur gefur merki, skal hestur fara af stað á feti, brokki eða tölti.

Á milli upphafslínu og 50 m skiptilínu skal hestur settur uppá stökk af hvaða gangtegund sem er og tekinn á skeið.

Á milli 50 m skiptilínu og 100 m skiptilínu skal hestur vera á skeiði.

Eftir 100 m skiptilínu og áður en komið er að 150 m marklínu skal hestur vera kominn á tölt eða brokk (ekki fet).

Hverjum hesti er heimilt að fara tvo spretti.

Einkunn besta sprettsins ræður sætaröðun.

Séu fleiri en einn með jafnar einkunnir ræður einkunn dómara í næst-besta spretti úrslitum. Séu einkunnir fyrir fyrsta sæti jafnar, skal riðinn einn aukasprettur.

#### Í3.6.6.5 Dómarar

Þrjá dómara þarf til að dæma PP3. Dómarar dæma með opnum spjaldadómum frá 0-10 í heilum og hálfum tölum.

- Fyrsti dómari dæmir stökkskiptingu og niðurtöku á skeið.
- Annar dómari dæmir skeið á milli 50 m og 100 m skiptilínu.
- Þriðji dómari dæmir niðurhægingu frá 100 m línu að 150 m marklínu í enda brautar.

Dómarar skulu staðsetja sig þannig að þeir hafi besta mögulega yfirsýn yfir sitt dómsvæði. Þegar hesturinn hefur farið í gegnum viðkomandi kafla, sýna dómarar einkunnir sínar. Ef hestur stekkur upp af skeiði á síðari kaflanum sýnir annar dómari rautt flagg og skal þá ekki gefa einkunn. Hæst er hægt að fá 30 stig fyrir gangskiptingu og stíl. Deilt er í lokasummu með 3.

#### **Í3.6.6.6 Tilkynning einkunnar**

Þulur tilkynnir einkunnir eftir röðun dómara.

## Í4 Fimikeppni

### Í4.1 Fimivöllur

Fimivöllur skal vera 20 x 40 m eða 20 x 60 m, og merktur með viðeigandi merkingum sem sýndar eru á teikningu í grein [17.6]. Sé 20 x 60 m völlum notaður, eru merkin A, F, B, M, C, H, E og K einungis notaðir utan á vellinum. Mótshaldarar geta merkt miðju vegalengdarinnar á milli F-B, B-M, K-E og E-H með sérstöku merki, til dæmis punkti.

### Í4.2 Dómarar

Þrír dómarar dæma, hver fyrir sig

### Í4.3 Lýsing á keppnisgreinum á fimivelli

#### Í4.3.1 FS1 frjáls fimikeppni

##### Í4.3.1.1 Kröfur

Fjöldi æfinga að lágmarki 10, að hámarki 14.

Verkefnið skal samið af knapa. Skila skal verkefninu á skriflegu formi á viðeigandi eyðublaðum fyrir upphaf mótsins til stjórnstöðvar mótsins.

##### Í4.3.1.2 Lágmarkskröfur

- meðalfet
- tölt
- hægt til milliferðar stökk
- gangskiptingar og hraðabreytingar
- skipt um hönd
- sveigjur bending
- stöðvun
- kveðja

Mögulegar æfingar til viðbótar lágmarkskröfum

- brokk
- krossgangur eða sniðgangur
- slakur taumur "rein back"
- afturfótarsnúningur

- stökkskiptingar af feti, brokki eða tölti

Hver æfing gildir einungis einu sinni til einkunnar upp á hvora hönd. Kveðjan er þar undanskilin.

#### Í4.3.1.3 Tónlist

Knapi skal útvega viðeigandi tónlist. Blanda af tónlist er einungis leyfileg þegar fulltrúi knapa er til staðar til að leika tónlistina í rétttri röð og notar til þess hljómflutningstæki þau sem til staðar eru á mótinu og skipuleggjendur móts hafa útvegað.

#### Í4.3.1.4 Einkunnagjöf

3 dómarar dæma hver fyrir sig og aðskildir.

Einstakar æfingar sem og heildaráhrif (skipt í: 1. hreinleiki gangtegunda, 2. spyrna, 3. hlýðni, 4. áseta og stjórnun) eru dæmd á einkunnakvarðanum 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölum. Það er ekki gefin sérstök einkunn fyrir tónlist (en það er skylt að vera með tónlist).

Ef knapi fær 0 fyrir einn eða fleiri einstakan þátt verkefnis eru punktar dregnir af heildareinkunn á eftirfarandi hátt:

1. núll 3 stig
2. núll 8 stig (samtais: 11)
3. núll 17 stig (samtais: 28)
4. núll, dæmt úr leik

Heildareinkunn samanstendur af summu einkunna fyrir einstakar æfingar verkefnisins að viðbættum fjórum einkunnum fyrir heildaráhrif að frádregnum frádrætti. Í þessa summu er deilt með heildarfjölda æfinga plús fjórir og fæst þá einkunn á bilinu 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum), sýnt með einum aukastaf.

Séu einkunnir jafnar í fyrsta sæti, skera dómarar úr um lokaröðun.

### Í4.3.2 FS2 – Riðið á fimivelli

#### Í4.3.2.1 Kröfur

Fjöldi æfinga að lágmarki 8, hámarki 12. Lengd æfingar um það bil 5 mínútur.

Knapi skal semja verkefnið sjálfur. Verkefninu (ásamt teikningum) skal skilað skriflega á viðeigandi eyðublöðum fyrir upphaf móts til mótsstjórnar. Æfingar skulu teknar af eftirfarandi lista:

- Stöðvun af feti og/eða tölti/brokki
- Riðið af stað á feti og/eða tölti/brokki
- Slöngulínur, skipt á hringnum af hring á hring, fet, brokk eða tölt

- Átta á feti eða brokki/tölti
- Hægra og vinstra stökk allan völinn eða á hringnum
- Framfótarsnúningur
- Krossgangur á feti, hvar sem er
- Gangskiptingar (tölt, brokk, tölt) hvar sem er á vellinum

Hverja æfingu má einungis sýna einu sinni (nema: stökk, hægra og vinstra, krossgangur til hægri og vinstri, framfótarsnúningur hægri/vinstri)

#### Í4.3.2.2 Tónlist

Knapi skal útvega viðeigandi tónlist á kassettu eða geisladisk. Fleiri en ein kassetta eða fleiri en einn geisladiskur eru einungis leyfilegir þegar fulltrúi knapa er til staðar til að leika tónlistina í réttri röð og notar til þess hljómflutningstæki þau sem til staðar eru á mótinu og skipuleggjendur móts hafa útvegað.

#### Í4.3.2.3 Einkunnagjöf

3 dómara dæma hver fyrir sig og aðskildir.

Einstakar æfingar sem og heildaráhrif (skipt í: 1. hreinleiki gangtegunda, 2. spyrna, 3. hlýðni, 4. áseta og stjórnun) eru dæmd á einkunnakvarðanum 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölum. Það er ekki gefin sérstök einkunn fyrir tónlist (en það er skylt að vera með tónlist).

Ef knapi fær 0 fyrir einn eða fleiri einstakan þátt verkefnis eru punktar dregnir af heildareinkunn á eftirfarandi hátt:

- núll 3 stig
- núll 8 stig (samtals: 11)
- núll 17 stig (samtals: 28)
- núll, dæmt úr leik

Heildareinkunn samanstendur af summu einkunna fyrir einstakar æfingar verkefnisins að viðbættum fjórum einkunnum fyrir heildaráhrif að frádregnum frádrætti. Í þessa summu er deilt með heildarfjölda æfinga plús fjórir og fæst þá einkunn á bilinu 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum), sýnt með einum aukastaf

Séu einkunnir jafnar í fyrsta sæti, skera dómara úr um lokaröðun.

#### Í4.3.3 FS3 – Sýning á fimivelli í hendi

Verkefni er frjálst. Hesturinn er sýndur í hendi.

#### Í4.3.3.1 Kröfur

Fjöldi æfinga að lágmarki 5, að hámarki 8. Lengd verkefnis um það bil 5 mínútur.

Verkefnið skal samið af knapa. Verkefninu (ásamt teikningum) skal skilað skriflega á viðeigandi eyðublöðum fyrir upphaf móts til mótsstjórnar.

Mögulegar æfingar:

- Þjálfun í hendi
- Hringteyming
- Hringteyming með 2 taumum
- Frjálsar fimíæfingar af jörðu niðri
- Akstur í hendi
- Langur taumur
- Án taumsambands

Aðrar æfingar sem unnt er að framkvæma án þess að ríða hestinum eru leyfðar.

#### Í4.3.3.2 Takmörk

Það er leyfilegt að sýna hestinn án nokkurs útbúnaðar. Klæðnaður knapa skal vera í samræmi við verkefnið.

#### Í4.3.3.3 Tónlist

Knapi skal útvega viðeigandi tónlist á kassetu eða geisladisk. Fleiri en ein kassetta eða fleiri en einn geisladiskur eru einungis leyfilegir þegar fulltrúi knapa er til staðar til að leika tónlistina í réttri röð og notar til þess hljómflytningstæki þau sem til staðar eru á mótinu og skipuleggjendur móts hafa útvegað.

#### Í4.3.3.4 Einkunnagjöf

3 dómarar dæma hver fyrir sig og aðskildir.

Einstakar æfingar sem og

- Meðhöndlun hestins
- Harmony
- Idea and presentation
- Notkun ábendinga

eru dæmd á einkunnakvarðanum 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölum. Það er ekki gefin sérstök einkunn fyrir tónlist (en það er skylt að vera með tónlist).

Ef knapi fær 0 fyrir einn eða fleiri einstakan þátt verkefnis eru punktar dregnir af heildareinkunn á eftirfarandi hátt:

- fyrsta núll 3 stig
- annað núll 8 stig (samals: 11)
- þriðja núll 17 stig (samals: 28)
- fjórða núll, dæmt úr leik

Heildareinkunn samanstendur af summu einkunna fyrir einstakar æfingar verkefnisins að viðbættum fjórum einkunnum fyrir heildaráhrif að frádregnum frádrætti. Í þessa summu er deilt með heildarfjölda æfinga plús fjórir og fæst þá einkunn á bilinu 0.0 til 10.0 (að báðum meðtöldum), sýnt með einum aukastaf.

Séu einkunnir jafnar í fyrsta sæti, skera dómara úr um lokaröðun.

## Í5 Figure texts

### Í5.1 Dressage arena

The dressage arena must be 20 x 40m or 20 x 60m. Side markers should include A, B, C, E, F, H, K and M.

The arena should be marked according to dashed lines in the diagrams included with the descriptions of the tests. The marking should be made with paint or chalk dust.

The large circles at “A” and “C” are 14m in diameter.

The small circles at “A” and “C” in FG2 are 10m in diameter.

The small circles at “B” and “E” in FG3 are 8m in diameter.

### Í5.2 Judges

Two judges score individually. Marks are given according to S2.2.1.

### Í5.3 Music

Riders are permitted to select their own music. The volume of the music is determined by the chief judge of the test.

### Í5.4 Eligible horses

Combinations may only start in one Figures test at the same event.

## Í5.5 Boots & Protective Equipment

Boots and leg protective equipment are not allowed on the horse.

## Í5.6 Test Descriptions

### S5.6.1 FG1 – Level 1

The rider has one minute to proceed, by any route, to A to begin the test. The rider may start the test on either rein. If the rider shows trot, the rider should show rising trot on the correct diagonal and change diagonal at X.


Elements:

1. The rider begins in slow to medium tempo tölt (or trot) and nods at A to begin the test.

The rider completes one Figure 8 keeping an even rhythm (beat and speed) throughout the entire figure.

2. The rider executes a circle at A in any speed tölt (or trot). The rider crosses the diagonal and executes a second circle at C. The rider crosses the diagonal again to finish the element at A. The rider must keep an even rhythm (beat and speed) throughout the entire element.

3. The rider makes a transition to walk and rides across the diagonal in a relaxed, but still energetic walk with rein contact. At C, the rider halts for three seconds and nods to indicate the end of the test.




#### S5.6.2 FG2 – Level 2

The rider has one minute to proceed, by any route, to A to begin the test. The rider may start the test on either rein.

Elements:

1. The rider begins in slow to medium tempo tölt and nods at A to begin the test. The rider completes one Figure 8 keeping an even rhythm (beat and speed) throughout the entire figure.
2. The rider executes a 10m circle at A in any speed tölt. The rider crosses the diagonal and executes a second 10m circle at C. The rider must keep an even rhythm (beat and speed) throughout the entire element.
3. At C, the rider continues in slow tölt. The rider increases speed as he starts to cross the diagonal. At X, the rider begins to decrease to slow tölt and continues to A. The rider repeats the speed change across the opposite diagonal. Approaching C, the rider transitions to walk and halts for three seconds at C nodding to indicate the end

of the test.




### S5.6.3 FG3 – Level 3

The rider has one minute to proceed, by any route, to A to begin the test. The rider may start the test on either rein.

Elements:

1. The rider begins in slow to medium tempo tölt and nods at A to begin the test. The rider completes one Figure 8 keeping an even rhythm (beat and speed) throughout the entire figure.
2. The rider executes two 8m circles at B or E in any speed tölt. The rider crosses X and executes two more 8m circles. The rider continues across the diagonal to C to complete the element. The rider must keep an even rhythm (beat and speed) throughout the entire element.
3. At C, the rider continues in slow tölt. The rider increases speed as he starts to cross the diagonal. At X, the rider begins to decrease to slow tölt and continues to A. The

rider repeats the speed change across the opposite diagonal. Approaching C, the rider transitions to walk and halts for three seconds at C nodding to indicate the end of the test.



## Í6 Aðrar keppnisgreinar

### Í6.1 FR1 – Fánakappreiðar

#### Í6.1.1 Völlur

Greinin er framkvæmd á 200m skeiðvelli. Ef þörf er á má einnig nota hringvöll.

Ráslína og marklína skulu greinilega afmarkaðar. Jöfn tala af fötum, fylltum af sandi og standandi á tunnum skulu vera á vellinum. Áður en keppni hefst skal vera flagg í annarri hverri fötu (oddatölufötu, 1,3,5 o.s.frv.). Það þarf að vera auðvelt að taka flaggið úr fötunni og setja aftur í næstu fötu (2,4,6, o.s.frv.)

#### Í6.1.2 Rásröð

Dregið skal um rásröð í fyrsta hlaupi. Rásröð er hin sama í fyrsta og öðru hlaupi. Hvert par má fara tvær ferðir en einungis betri ferðin gildir.

### Í6.1.3 Ræsing

Aðeins einn keppandi er ræstur í einu. Eftir hljóðmerki og sýnilegt merki sem gefið er af ræsi (sem skal vera dómari) fer hestur af stað á gangtegund að eigin vali. Við hverja fötu með oddatölu (1,3,5...) tekur knapi flaggið úr fötunni og setur það aftur í næstu fötu (2,4,6...). Eftir síðustu fötu fer parið yfir marklínu. Hið sýnilega merki gefur þremur tímatökumönnum til kynna að knapi hafi farið yfir marklínu.

### Í6.1.4 Einkunnagjöf

Dómari fylgist með hverju pari af fötum. Falli flagg úr fötu á meðan á tímatöku stendur, eftir að hafa verið sett í rétta fötu er 15 refsisekúndum bætt við tíma í viðkomandi hlaupi.

Íslensk sérregla:

Hraðasta parið (eftir að refsisekúndum hefur verið bætt við) fær einkunnina 6.0. Næsta par fær 0,2 minna, þ.e. 5,8 og svo koll af kolli. Lægsta mögulega einkunn er þó 0.0. Allar einkunnir eru rúnnaðar af eftir almennum reikningsreglum.

### Í6.1.5 Dæmt úr leik

Ef knapi fer í hring eða mistekst að setja flagg í rétta fötu er það hlaup dæmt ógilt.

## Í6.2 TR1 – Þrautakeppni

### Í6.2.1 Völlur

Greinin er framkvæmd á viðeigandi svæði. Engin æfing má skapa hættu fyrir hest eða knapa. Verkefnið skal samanstand af að minnsta kosti 5 æfingum.

### Í6.2.2 Ræsing

Einungs einn hestur er ræstur í einu. Allt að þrír hestar geta verið í brautinni í einu.

### Í6.2.3 Einkunnagjöf

Dómarar nota skala frá 0 til 10 (að báðum meðtöldum) í heilum og hálfum tölum fyrir hverja æfingu. Lokaeinkunn er meðaltal allra æfinganna. Allar lokaeinkunnir eru rúnnaðar með einum aukastaf eftir almennum reikningsreglum.

### Í6.2.4 Kröfur

Nota má eftirfarandi æfingar:

- Opna hlið af hestbaki, fara í gegn og loka
- Stangir eða spírur á jörðinni, hesturinn stígi yfir þau
- Vatn – riðið í gegnum

